



Upplifun 16 – 25 ára ungmenna á atvinnuleysi sínu í efnahagslægð

Guðný Arna Einarsdóttir

B.Sc. í viðskiptafræði

Haust 2010
Leiðbeinandi:
Auður Arna Arnardóttir

Guðný Arna Einarsdóttir
Kt. 230286-2809

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 1 |
| Skilgreining á atvinnuleysi | 2 |
| Tegundir atvinnuleysis | 3 |
| Þróun atvinnuleysis á Íslandi | 4 |
| Mikilvægi vinnunnar..... | 6 |
| Skortskenning Marie Jahod..... | 7 |
| Kenning Fryers um eðli mannsins..... | 7 |
| Eftirspurnarstjórnunar kenning Robert Karasek | 8 |
| Afleiðingar atvinnuleysis | 8 |
| Ytri áhrif..... | 9 |
| Innri þættir..... | 9 |
| Ungir atvinnuleitendur | 11 |
| Atvinnuleitin..... | 11 |
| Vinumálastofnun..... | 13 |
| Atvinnuleysisbætur..... | 14 |
| Vinumarkaðsúrræði..... | 15 |
| Starfsþjálfun og reynsluráðning | 15 |
| Námssamningur..... | 16 |
| Atvinnutengd endurhæfing..... | 16 |
| Þróun eigin viðskiptahugmynda og frumkvöðlastarf | 16 |
| Sérstök átaksverkefni og sjálfboðaliðastarf..... | 17 |
| Starfstengt nám og námskeið | 17 |
| Búferlastyrkir | 17 |
| Önnur úrræði..... | 18 |
| Ungt fólk til athafna | 18 |
| Rannsóknir | 19 |
| Aðferð | 20 |
| Þátttakendur og framkvæmd | 20 |
| Mælitæki og öflun | 21 |
| Niðurstöður | 21 |
| Um viðmælendur..... | 21 |
| Afleiðingar | 22 |

| | |
|--------------------------------------|----|
| Stuðningur frá foreldrum/mökum | 23 |
| Atvinnuleitin..... | 23 |
| Vinumálastofnun | 24 |
| Bótaréttur..... | 25 |
| Úrræðin..... | 25 |
| Umræða..... | 26 |
| Lokaorð | 28 |
| Heimildaskrá..... | 30 |
| Viðauki..... | 35 |

Ágrip

Þessi rannsókn miðar að því að að kanna hvernig það sé að vera atvinnulaus á tímum efnahagskreppu. Þar sem ungmenni á aldrinum 16 – 25 ára hafa orðið hvað mest fyrir barðinu á atvinnuleysi í öðrum löndum var ákveðið að kanna hvernig líðan hjá þeim hópi atvinnulausra einstaklinga er og hvort þeir einstaklingar séu að nýta sér úrræðin sem í boði eru á markaðnum. Tekin voru eigindleg viðtöl við þrjá þátttakendur, búsetta á höfuðborgarsvæðinu, til þess að fá þeirra sýn á atvinnuleysið og voru þeir á aldrinum 16 – 25 ára. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að atvinnuleysi hefur í flestum tilvikum slæm áhrif á einstaklinga, en þó spili inn í ýmsir þættir eins og viðhorf til atvinnu, staða í samfélaginu, hjúskaparstaða og fjárhagsleg staða. Viðmælendur upplifðu sig að einhverju leiti og þeir væru fyrir utan samfélagið og fannst óþægilegt að ræða um atvinnuleysið og leitina.

Formáli

Rannsókn þessi er unnin af Guðnýju Örnunni Einarasdóttur og er B.S verkefni við Háskólann í Reykjavík.

Ég vil þakka þeim sem veittu mér hjálp og stuðning við gerð rannsóknarinnar.

Ég vil sérstaklega þakka Auði Örnunni Arnardóttur, leiðbeinanda mínum, fyrir góða leiðsögn, hvatningu og aðstoð.

Einnig vil ég þakka Evu Rán Ragnarsdóttur fyrir yfirlestur á ritgerðinni.

Reykjavík, 20. desember 2011

Guðný Arna Einarasdóttir

230286-2809

Inngangur

Haustið 2008 hrundi bankakerfið á Íslandi með þeim afleiðingum að fyrirtæki urðu að fara út í skipulagsbreytingar, útgjöld fyrirtækja jukust og dróg úr innstreymi með þeim afleiðingum að fyrirtæki gripu til þeirra aðgerða að segja upp hópi fólks. Mikil hrina var í einstaklings- og hópuppsögnum og mikið óöryggi og hræðsla ríkti á vinnumarkaði (Kolbeinn H. Stefánsson, 2009; Paul og Moser, 2006)).

Mörg þúsund manns misstu vinnuna með þeim afleiðingum að atvinnuleysi jókst á nokkrum mánuðum úr 1% upp í 9%. Enn í dag, þrem árum seinna, er atvinnuleysi enn stórt vandamál í samfélaginu og stendur það í tæpum 7% (Vinnumálastofnun, 2009; Vinnumálastofnun, 2011-c)

Hið aukna atvinnuleysi getur haft slæm áhrif hvort heldur horft sé til samfélagslegs eða velferðar einstaklings. Sigmund Freud upphafsmaður sálgreiningar talaði um að að sú athöfn sem tengir manninn við veruleikann og skipar honum fastan og öruggan sess í samfélaginu sé vinnan. Það að elska og að vinna séu þær athafnir sem gera einstakling að heilsteyptum einstaklingi (Christian, 2008). Af þessu að dæma er hægt að segja að til að vera viðurkenndur eða hluti að samfélaginu þarf einstaklingur að vera þátttakandi í atvinnulífinu. Hér áður fyrr var sá einstaklingur sem var vinnufær en án atvinnu ekki talinn vera maður með mönnum (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009). Bendir það til þess hversu stórt hlutverk atvinna spilar inn í líf hvers einstaklings. Það að vera ekki viðurkenndur innan samfélags getur haft slæmar afleiðingar fyrir einstaklinga (Rauði Kross Íslands (e.d), 2010).

Atvinnuleysi getur haft ýmsar slæmar afleiðingar í för með sér bæði fyrir einstaklinga, fjölskyldu hans og samfélagið í heild sinni (Halldór Sigurður Guðmundsson, 2008). En ekki er hægt að alhæfa hvernig einstaklingar bregðast við atvinnumissi eða atvinnuleysi þar sem engir tveir einstaklingar eru eins og fólk bregst missjafnt við aðstæðum. Gerðar hafa verið ótal rannsóknir um upplifun einstaklinga (Paul og Moser,2008; Acs og Zimmerman, 2009) og benda þær rannsóknir á að afleiðingar atvinnuleysis á einstaklinga eru neikvæðar, það er hvað varðar andlega og líkamlega heilsu hjá einstaklingi.

Þegar atvinnuleysi og afleiðingar efnahagskreppna er skoðað sést að það virðist vera ákveðinn hópur sem verður hvað mest fyrir barðinu á afleiðingunum. Það er sá hópur sem hefur minnstu menntunina og er að feta sín fyrstu spor á vinnumarkaði, ungt fólk á aldrinum 16-25 ára (Chouhry, Marelli, & Signorelli, 2010). Ísland er engin undantekning í þessum málum. Samkvæmt rannsókn sem gerð var af Rauða krossinum (2010) eru ungmenni í hópi þeirra fimm hópa sem standa hvað verst í samfélaginu. Í finnsku kreppunni árið 1990 var þessi hópur kallaður kynslóðin sem týndist, þar sem gleymdist að huga að þeim hópi meðan á fátinu stóð (Jonung, Kiander, & Vartia, 2009). En segja má að ungmenni á aldrinum 16-25 ára séu dýrmætir einstaklingar fyrir samfélagið og um það getur enginn efast. (Rauði Kross Íslands, 2010).

Reynsla Finna er öðrum þjóðum víti til varnaðar þar sem gerðar hafa verið rannsóknir á finnsku efnahagskreppunni sem og afleiðingum hennar. Hægt er að nýta niðurstöður þeirra rannsókna við enduruppbyggingu hér á landi, til að koma í veg fyrir að skaðinn verði mikill fyrir landið og landann (Jonung, Kiander, & Vartia, 2009). Það eru þó einnig tækifæri í kreppu og þurfum við að halda haus þrátt fyrir að þurfa að ganga í gegnum erfiðleikatímabil. Það kostar miklu meira og vandamál munu verða óviðráðanlegri ef ekki er gripið inn í hlutina og reynt að færa til betri vegar (Össur Skarphéðinsson, 2009).

Skilgreining á atvinnuleysi

Til eru margar skilgreiningar á atvinnuleysi, en allt eru þetta líkar skilgreiningar. Þegar atvinnuleysi er flett upp í Britannica kemur upp sú skilgreiningin að atvinnuleysi sé lýsing á ástandi sem vinnufær einstaklingur lendir í þegar hann er án vinnu og að leitinn skili engum árangri. Mikilvægt er að einstaklingur sé virkur atvinnuleitandi. Einstaklingur þarf að vera virkur atvinnuleitandi, það er að leita að vinnu sem hentar (Britannica, 2011).

Árið 1919 var stofnuð Alþjóðavinnuáráðastofnunin (ILO) af Sameinuðu þjóðunum. Var verkefni þeirra að ráða bótum af þeim félagslegu vandamálum sem ríkir í öllum löndum. Ísland gerðist aðili að stofnuninni 1945. Helsta markmið ILO er að „*samræma grundvallarréttindi í atvinnulífinu, vera vettvangur fyrir skoðanaskipti og stefnumótun í félags- og vinnumálum og bæta aðstæður og efla öryggi á vinnustöðum*“ (Velferðarráðuneytið (e.d)).

Bureau of Labor Statistics (BLS) skilgreinir atvinnuleysi sem einstakling sem er án vinnu, hefur verið í virkri atvinnuleit seinustu fjórar vikur og getur byrjað strax að vinna. Einnig

einstaklingar sem hefur verið sagt upp tímabundið og eru að bíða þess að vera kallaðir aftur til vinnu (US economy , 2010).

Hagstofa Íslands hefur stuðst við alþjóðlega staðla Alþjóðavinnuálagstofnunnar(ILO), Hagstofu Evrópusambandsins og Eurostat (Ómar Harðarson og Ólöf Jóna Tryggvadóttir, 2002). Þær rannsóknir sem gerðar eru hjá þeim eru samanburðarhæfar við aðrar vinnumarkaðsrannsóknir sem framkvæmdar eru í öðrum löndum EES og víðar (Hagstofa Íslands,2011)

Skilgreining Hagstofu Íslands:

Atvinnulausir teljast þeir sem hafa hvorki vinnu né voru í vinnu (í eina klukkustund eða lengur) sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, eru að leita að vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna eða hafa fengið starf sem hefst innan þriggja mánaða. Einstaklingar sem eru ekki í vinnu en eru í námi flokkast atvinnulausir ef þeir uppfylla skilyrðin hér að ofan (Hagstofa Íslands, 2011).

Tegundir atvinnuleysis

Til eru nokkrir tegundir af atvinnuleysi. Leitaratvinnuleysi er ein tegund atvinnuleysis, stundum kallað eðlislægt atvinnuleysi eða jafnvægisatvinnuleysi (Mankiw og Taylor , 2006). Það er sú tegund sem er hvað óhjákvæmilegust í hagkerfi, líkt og er hér á landi, sem tekur stöðugum breytingum. Þessi tegund er til staðar í öllum hópum samfélagsins algjörlega óháð kyni, aldri og menntun. Það getur tekið einstakling tíma að finna það starf sem hentar honum og hans kunnáttu og fyrir atvinnurekanda að finna þann starfskraft sem ber það sem hentar tilteknum störfum innan fyrirtækis. Leitaratvinnuleysi er það atvinnuleysi sem veldur hvað minnstum áhyggjum í hagkerfi landsins þar sem það er yfirleitt ekki langvarandi. Þeir sem falla undir leitaratvinnuleysu eru nýútskrifaðir háskólanemar og einstaklingar sem hafa ákveðið að leita á ný mið hvað vinnu varðar. En litið er á bætur sem skammtímalausn á leitaratvinnuleysi, að fólk geti nýtt sér þær bætur meðan verið er að leita að rétta starfinu (Mankiw og Taylor , 2006)

Hagsveifluatvinnuleysi er svo önnur tegund atvinnuleysis en það fylgir hagsveiflum efnahagslífsins. Það er atvinnuleysið sem átt er við hér á landi sem stendur. Það er þegar samdráttur verður í efnahagslífinu, þá eykst atvinnuleysi og svo minnkar það við uppsveiflur. Þegar mikill samdráttur verður í efnahagskerfum fara fyrirtæki að draga saman og við það minnkar eftirspurnin eftir vinnuafli og atvinnuleysi eykst (Mankiw og Taylor , 2006).

Einnig er til kerfislægt atvinnuleysi en það verður til þegar framboð vinnuafls verður meira en eftirspurnin eftir því og gerist það þegar eftirspurn eftir vöru verður minni, vegna þróunar nýrra tækni eða við breytinga á neyslu almennings (Mankiw og Taylor , 2006).

Atvinnuleysi getur aldrei verið 0% þar sem leitaratvinnuleysi er alltaf til staðar í samfélaginu. Það að atvinnuleysi haldist í 1% telst vera eðlilegt ástand á vinnumarkaðnum og kallast það náttúrulegt atvinnuleysi. Þar sem alltaf eru einstaklingar sem eru að leita að rétta starfinu eða vilja leita annað. Svo á hverju ári fer nýr hópur háskólanema út á vinnumarkaðinn og vilja finna vinnu sem tengist því námi sem þeir hafa lokið (Parkin, 2011).

Atvinnuleysi er líka skipt eftir lengd þessi, það er í langtíma- og skammtíma atvinnuleysi. Sá einstaklingur sem hefur verið án vinnu lengur en í þrjá mánuði telst til flokks langtímaatvinnuleysis. Eftir efnahagsþrengingarnar 2008 hefur stór hópur þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá orðið fyrir langtímaatvinnuleysi (Vísir, 2011). Samkvæmt könnun sem gerð var af Vinnumálastofnun hafa yfir 4000 manns verið á atvinnuleysisskrá í meira en ár. Er þetta alvarlegt mál þar sem langtímaatvinnuleysi getur haft langvarandi áhrif á einstaklinginn og samfélag (Vísir, 2011).

Þróun atvinnuleysis á Íslandi

Þegar atvinnuleysi er mælt þá eru skráðir atvinnuleysisdagar, það er virku dagar vikunnar, þeir teknir saman og umreiknaðir í meðalfjölda einstaklinga út frá áætluðum mannafla á vinnumarkaði (Vinnumálastofnun, 2009). Atvinnuþátttaka á Íslandi hefur alltaf verið mikil og skerum við okkur úr þegar kemur að samanburði milli landa að því leiti (Halldór Sigurður Guðmundson, 2008)

Árið 2008 er flestum Íslendingum mjög minnisstætt og mun seint gleymast. Það þegar efnahagskerfið hrundi með gríðarlegum afleiðingum fyrir landið og landann. Fyrirtæki fóru í gegnum miklar skipulagsbreytingar, mikil fækkun var á störfum og langtímaatvinnuleysi hefur aldrei verið meira (Hlynur Ómar Björnsson, 2011).

Mikil hrina var í hópuppsögnum og atvinnuleysi rauk upp úr öllu valdi. Síðan skráningar á atvinnuleysi hófust hér á landi árið 1980 hefur atvinnuleysi aldrei mælst hærra en 5% og var það 1995 á þeim tíma þegar kreppan í Finnlandi stóð yfir (Vinnumálastofnun (e.d-a)).

Atvinnuleysið byrjaði að aukast um 1992 og náði svo hápunkti 1995. En eftir það fór það að

minnka og árið 1998 var það komið niður í nokkuð eðlilegar horfur (Vinnumálastofnun (e.d-a)).

Frá árinu 2006 hefur atvinnuleysið hér á landi verið að rokka á milli 1 – 2% þar til 2009, en þá rauk hlutfall atvinnuleysis upp í 8% (Vinnumálastofnun, 2011a). Í lok ársins 2008 var farið að sjá vel þær afleiðingar sem efnahagskreppan hafði áhrif á vinnumarkaðinn.

Mikill samdráttur hefur verið á vinnumarkaðinum síðan efnahagskreppan skall á og strax í nóvember 2008 byrjaði hópuppsagna hrinan. Þá voru um 3060 manns sagt upp og það er sá fjöldi sem lenti í hópuppsögn. En allt að 5100 einstaklingar misstu vinnu sína 2008 með hópuppsögn og fór atvinnuleysi úr 0,8 prósentum í desember 2007 upp í 4,8% lok ársins 2008 (Vinnumálastofnun (e.d), 2011b). Atvinnuleysið náði svo hámarki í apríl 2009 og fór það þá upp í 9,1% en eftir það fór það niður á við og hélt eðlilegum árstíðar sveiflum eftir það (Vinnumálastofnun, 2009). En Ísland er ekki eina landið sem varð fyrir barðinu á efnahagskreppunni. Þegar atvinnuleysistöflur í heiminum eru skoðaðar þá er hægt að sjá að frá árinu 2008 hefur atvinnuleysi aukist en þó mismikið. Til að mynda í Noregi jókst það um 1% frá árinu 2008 til 2009, en svo á sama tíma í Danmörku fór það úr 3,4% og í 7,6% (OECD (2011)).

Þegar tölur atvinnuleysis eru skoðaðar yfir eitt ár sést að það sveiflast upp og niður um 1% milli mánaða. Til að mynda yfir sumartímam lækkar atvinnuleysi um 1% sem hægt er að tengja við einstaklinga er fara í sumarfrí og ráða þarf þá tímabundið einstaklinga til afleysinga (Hagstofa Íslands, 2011-a).

Þegar atvinnuleysi er skipt eftir kynjum hefur atvinnuleysi meðal karla verið mun minna en hjá konum í gegnum tíðina en eftir efnahagshrunið hefur það algjörlega snúið við. Áhrif kreppunnar virðist hafa lent verr á karlmönnum en konum til að byrja með (Katrín Ólafsdóttir, 2010). Gæti það verið vegna aukinna barneigna hér á landi eftir kreppu og vegna samdrátta í framkvæmdum (Vinnumálastofnun-b); Hagstofa Íslands, 2011b). Mikið hefur dregið úr byggingaframkvæmdum og þau störf sem teljast karlastörf hafa tapast mun hraðar en kvennastörfin (Hagstofa Íslands; Katrín Ólafsdóttir, 2010). En mikið hefur verið um að einstaklingar hafi flúið til Norðurlandanna í leit að vinnu og tækifærum (Morgunblaðið, 2011).

Vinnumálastofnun og Velferðarráðuneytið vinnur hörðum höndum að því að útrýma atvinnuleysinu sem nú ríkir. Seinasta úrræði Velferðarráðuneytisins,

Menntamálaráðuneytisins og Vinnumálstofnunar var átakið nám til vinnu og fólst í því að koma öllum einstaklingum á aldrinum 19 – 25 ára, atvinnulausum sem og þeim er voru með vinnu, fyrir í framhalds- eða háskólum landsins. Með því átaki fækkaði atvinnulausum um nokkur hundruð manns en ekki þó um þau þúsund pláss sem voru í boði þar sem einnig sóttu um einstaklingur um sem ekki voru á atvinnuleysisskrá (Velferðarráðuneytið (e.d), 2011).

Samkvæmt tölum Vinnumálstofnunnar (2011) er atvinnuleysi ólíkt eftir landshlutum og kemur höfuðborgarsvæðið hvað verst út og þar á eftir suðurnesin. En sá aldur sem hefur orðið hvað verst úti atvinnulega séð í efnahagskreppunni er líkt og í Finnlandi hér um árið, ungmenni eða einstaklingar á aldrinum 16-25 ára (Vinnumálastofnun (e.d-a)).

Mikilvægi vinnunnar

Öllum er það mikilvægt að vera með vinnu og er hún mikilvægari og þýðingameiri heldur en manneskjan gerir sér grein fyrir. Það að mæta til vinnu er einstaklingi eðlilegt og sjálfsagt en það sjónarmið hefur ekki alltaf ríkt. Í grískum og hebreskum ritum er að finna elstu skráðar hugmyndir um viðhorf til vinnu. Þar er vinna ekki talin af hinu góða heldur böll eða refsing. Litið var á það að vinna væri að erfiða, fá einskis að njóta og ef einstaklingur naut þess að vinna þýddi það að viðkomandi var undanþeginn bölli erfiðis (Sölvína Konráðsdóttir, 2004).

Forsendur fyrir því að einstaklingur vinni hefur áhrif á það hvernig einstaklingur lítur á vinnuna. Því einhæfara sem starf einstaklings er, og eða hann hafi verið þvingaður í starfið, eru meiri líkur á að einstaklingurinn líti á starfið einungis sem tekjuöflun eða til að afla lífsviðurværis. En ef einstaklingur velur starf af áhuga og lítur á það sem áskorun þá er vinnan orðin að markmiði sem skilar sér með ánægju einstaklings. Það að vera í rangri vinnu getur haft svipaðar afleiðingar fyrir einstaklinginn líkt og atvinnuleysi og hefur það verið rannsóknarefni meðal sálfræðinga síðan árið 1970 (Sölvína Konráðsdóttir, 2004).

Það að vera með vinnu eykur sjálfsvirðingu einstaklings, með því að upplifa virðingu annarra og að fá viðurkenningu frá vinnuveitendum eða samstarfsfélögum. Með því að vera með vinnu er hægt að segja að einstaklingur hafi hlutverk í samfélaginu (Sölvína Konráðsdóttir; Paul og Moser, 2006). Við starf eykst ímynd einstaklings, hann kynnist fólki og eignast vini. Starf fær einstakling til að þroskast, prófa eigin hugmyndir og tækifæri til að skapa. Með vinnu öðlast einstaklingur reynslu og upplifir ný tækifæri. Samkvæmt þessu hér að ofan gera einstaklingar kröfur um að vinnan sé meira en brauðstrit sem fullnægir frumþörfum (Sölvína Konráðsdóttir; Paul og Moser, 2006).

Vinna er einnig nauðsynleg til velmegunar og vellíðan einstaklinga og fjölskyldna (Halldór Sigurður Guðmundsson, 2008). Það að vera með vinnu gefur einstaklingi meira en bara það að vera grunnur framfærslu heldur skapar hún einnig sjálfstraust fyrir einstaklinginn og veitir honum virðingu. Það að mæta til vinnu er hluti af skipulagi einstaklings, að hafa eitthvað fyrir stafni, eitthvað til að vinna að veitir lífinu ákveðið gildi (Paul og Moser, 2006). Við vinnu fullnægir einstaklingur einnig félagslegum þörfum sínum, sama hvort það eigi við um samstarfsfélag eða viðskiptavini (Jón Sigurður Karlsson, 1992).

Til eru nokkrar kenningar um mikilvægi atvinnu og verða nokkrar þeirra teknar fyrir hér að neðan:

Skortskenning Marie Jahod

Kenning Marie Jahoda fjallar um mikilvægi launaðrar vinnu fyrir einstaklinga, það er dulinn tilgang hennar. Þeir fimm þættir sem Marie Jahoda talar um eru það að einstaklingur þarf í fyrsta lagi að hafa skipulag í daglegu lífi, það er rútínu eða eitthvað fyrir stafni (*e.time structure*). Í öðru lagi félagsleg sambönd eins og samskipti við viðskiptavini, samstarfsfélag og þá sem tengjast starfinu á einhvern hátt (*e.collective purpose*). Í þriðja lagi þarf einstaklingur að hafa ákveðna stöðu, það er að segja stöðu innan vinnunnar og í samfélaginu (*e.social contact*). Í fjórða lagi virkni, því mikilvægt er fyrir einstakling að vera virkur (*e.status*) og í fimmta lagi hefur vinnan heildar tilgang, það er tengt virkni einstaklings (*e.activity*) (Paul og Moser, 2006). Þetta sýnir að vinna er ekki einungis það að mæta til vinnu og sinna því sem manni er skylt heldur hefur hún meiri tilgang fyrir manneskjuna.

Kenning Fryers um eðli mannsins

Til eru nokkrar kenningar sem ganga út frá manneskjunni sem virkum geranda og ein af þeim er kenning Fryers. Hún einblínir á atvinnulausa einstaklinga. Hún fjallar um það hvernig manneskjur eru í eðli sínu, frumkvæði þeirra og sjálfstæði. Hvernig einstaklingar reyna að sýna skilning, hafa áhrif og takast á við aðstæður út frá persónulegum gildum, markmiðum og framtíðarvæntingum. Við atvinnumissi takmarkast stjórnin og verður sem einstaklingur missi tókin á tilverunni. Líf þeirra fer að einkennast af efnislegri fátækt, óöryggi hvað varðar framtíðina, takmörkuðu valdi á félagslífi og af þeim fordómum sem tengjast því að vera atvinnulaus. Við þessar breytingar getur einstaklingur orðið fyrir andlegri vanlíðan. Kenningin snýst um að einblína á hvað það er af þessu sem fólk tekur með sér í óþekktar aðstæður líkt og atvinnumissi frekar heldur en hvaða takmörk þeim eru sett (Paul og Moser, 2006).

Eftirspurnarstjórnunar kenning Robert Karasek

Er mest notuð og er notuð víðast allra kenninga í almenningshelbrigði. Hugsunin á bak við kenninguna er samband atvinnueftirspurnar og ákvörðunarsvigrúms. Samkvæmt kenningunni er hægt að líta á atvinnuleysi sem óvirkt vinnu ástand þar sem einstaklingur hefur litla stjórn á ástæðum og eftirspurn er lítil á vinnumarkaði. Munur er að á því hvernig einstaklingar upplifi stöðu sína, það er hvort þeim sé stjórnað af innri eða ytri þáttum. Það að vera stjórnað af innri þáttum er það að einstaklingurinn getur stjórnað aðstöðunni sjálfur, sem þýðir að atvinnuleitandi kennir sjálfum sér um skort á atvinnu. En þeir sem upplifa orsök atvinnuleysis sem ytri afla trúa því að við atvinnumissinn opnast ný tækifæri og telja ástæðu atvinnumissis vera utanað komandi ástæður ekki persónulegar (Janlert og Hammerström , 2009).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á atvinnuleysi og viðhorfi fólks til atvinnu sýnir að viðhorf einstaklings til vinnunnar hefur áhrif á hvernig einstaklingur upplifir atvinnumissinn. Í niðurstöðu rannsóknar Paul og Moss (2006) má sjá að þeir einstaklingar sem eru með litlar skuldbindingar gagnvart vinnu sinni fundu í fleiri tilvika fyrir minni vanlíðan en þeir sem voru skuldbundnari vinnu sinni. Einnig hefur áhrif hvernig einstaklingur lítur á aðstæðurnar, eins og kemur fram í kenningu Karasek líður einstaklingi betur þegar hann lítur á aðstæðurnar sem sök utan að komandi heldur en ef hann kennir sér sjálfur um hvernig farið er fyrir honum (Janlert og Hammerström , 2009).

Þar sem atvinnumissir og atvinnuleysi eru aðstæður sem einstaklingur getur ekki stjórnað hefur það slæm áhrif á einstaklinginn. Við það að hafa ekki stjórn á aðstæðum fyllist einstaklingur af vanlíðan og vonleysi. Oft er talað um að betra sé að ríkið sjái einstaklingum fyrir vinnu heldur en að hann þiggi atvinnuleysisbætur þar sem vinnan er miklu meira en bara launin. Hún er einnig tákni um metorð og segir til um stöðu fólks í samfélaginu. Einstaklingar skilgreina sig oft út frá starfi ekki einungis þegar þeir eru til vinnu heldur alltaf. En vinna veitir einnig lífsgleði og gefur tilgang (Hólmfríður Gunnarsdóttir, 1994).

Afleiðingar atvinnuleysis

Atvinnuleysi getur haft ýmsar afleiðingar í för með sér bæði hvað varðar einstaklinginn, fjölskyldu hans og samfélagið í heild (Halldór Sigurður Guðmundsson, 2008). Það að vera án atvinnu getur leitt til félagslegrar einangrunar, fátæktar og skaðað sjálfstraust einstaklings. Þar sem bein tengsl eru á milli heilsufars og efnahags, getur fátækt leitt til varanlegs

heilsubreysts og þunglyndi sem getur haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Fjöldinn allur af sérfræðingum hefur rannsakað afleiðingar atvinnuleysis, til að mynda Paul, Moser (2008) og Zimmeraman (2009). Þær rannsóknir benda til þess að atvinnuleysi hefur bæði líkamlegar og andlegar afleiðingar fyrir þann atvinnulausa. En allt er það persónubundið hvernig einstaklingur tekst á við slíkan missi og margir þættir spila inn í hvernig hver og einn upplifir atvinnuleysið (Paul og Moser, 2008; Acs og Zimmerman, 2009). Hægt er að skipta áhrifavöldunum í innri og ytri þætti.

Ytri áhrif

Ytri áhrif eru þeir þættir út í samfélaginu sem hafa áhrif á einstaklinga. Til dæmis þegar einstaklingi er sagt upp er mikilvægt að rétt sé farið að (Arney Einarsdóttir, 2010). Því ef rangt er farið að getur það haft slæm áhrif á einstakling og jafnvel gert atvinnuleysið og líðanina á þeim tíma erfiðari (Arney Einarsdóttir, 2010). Við uppsögn upplifir einstaklingur flóðbylgju af sterkum tilfinningum, höfnun, reiði, streitu, biturð, sorg, doða, og fleira. Einstaklingur upplifir hræðslu við hvað koma skal, reiði gagnvart stjórnendum og fyrirtæki, einnig geta einstaklingar upplifað tíðindi sem þessi sem mikla skömm (Ingrid Kuhlman og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson). Einstaklingar eiga það til að efast um eigið ágæti og eru slíkar vangaveltur og tilfinningar eðlilegar. Ekki er hægt að komast hjá því að einstaklingur upplifi slíkar tilfinningar við uppsögn en hægt er að draga úr þeim áhrifum með því að beita rétttri aðferð (Arney Einarsdóttir, 2010). En til eru dæmi þess efnis líkt og kemur fram í grein Matthíasar Halldórssonar (2008) að einstaklingar upplifi létti við uppsögn og á það við ef einstaklingur hefur verið í leiðigjarnri vinnu og/eða óánægður í starfi. En sá léttir er gjarn á að vera skammvinnur og á til að breytast í kvíða, svefnleysi, þunglyndi og skömm sem getur leitt til líkamlegra kvilla (Matthías Halldórsson, 2008).

Annað dæmi um ytri áhrif er staðan á vinnumarkaðnum líkt og kemur fram í kenningu Kersek. Svo virðist vera sem að staða efnahagslífsins og framboðs á vinnumarkaði hafi áhrif á upplifun einstaklings og líðan við atvinnuleysi. Þegar miklar þrengingar eru og lítið um atvinnutækifæri þá veldur það meiri streitu hjá einstaklingum, sérstaklega þeim sem eru ómenntaðir (Turner, 1995; Janlert og Hammerstör, 2009).

Innri þættir

Rannsóknir hafa sýnt að einstaklingar upplifa atvinnuleysi á mismunandi hátt (Paul og Moser, 2008). Margir þættir geta haft áhrif á það hvernig fólk upplifir atvinnuleysið, eins og

til dæmis kyn, staða í samfélaginu, hjúskaparstaða, starfsaldur og menntun. En þegar afleiðingar atvinnuleysis eru skoðaðar þarf einnig að huga að lengd atvinnuleysis. Þar sem langtíma atvinnuleysi getur haft verri áhrif á einstakling. Það virðist vera svo að áhrif þess aukist með tímanum (Paul og Moser, 2008). Ef einstaklingar tapa sjálfvirðingu sinni, dregur það úr sjálfsbjargarviðleitni þeirra og þeim finnst þeir vera fyrir í samfélaginu (Sölvína Konráðsdóttir, 2004).

Atvinnuleitandi getur orðið fyrir neikvæðum félagslegum afleiðingum sem koma fram í félagslegri skerðingu, minni samskiptum við vini og vandamenn, verri líðan og álags. Þar sem félagsleg tengsl minnka, það er tengslin við vini, samskipti við maka og fjölskyldu (Halldór Sigurður Guðmundsson, 2008). Við atvinnumissi eykst oft spenna og togstreita innan fjölskyldna. Hugarangrið sem verður við atvinnumissi gerir einstaklinginn oft viðkvæmari fyrir mótlæti og þarf þar af leiðandi lítið til að koma honum úr jafnvægi. Minna þarf til þess að viðkomandi missi stjórn á skapi sínu eða æsi sig. Slík spenna inn á heimilum getur leitt til óróleika hjá börnum sem og skapað álag í hjónabandi (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Við atvinnumissi geta komið upp allskyns áhyggjur. Þegar einstaklingar fá ekki reglulegar tekjur, eykur það áhyggjur á fjármálum og þeir upplifa vanmátt og óöryggi. Þar sem mikil óvissa hefur ríkt á vinnumarkaðnum, síðan efnahagskreppan skall á, er erfitt fyrir þann atvinnulausa að gera sér grein fyrir því hversu lengi viðkomandi þurfi að komast af á bótum og öðrum úrræðum og einnig hversu lengi viðkomandi geti gert það. Getur það aukið áhyggjur atvinnuleitanda (Acs og Zimmerman, 2009).

Við atvinnumissi getur einstaklingur upplifað andlega og líkamlega streitu (Mckee-Ryan, Kinicki, Song og Wanberg, 2005). Andlegir kvillar eru algengir meðal atvinnulausra og er þunglyndi einn stærsti og alvarlegasti fylgikvillinn (Rauði Kross Íslands (e.d), 2010). Ásamt þunglyndi upplifir einstaklingur oft kvíða, óyndi og depurð. Einnig getur einstaklingur átt það til að draga sig í hlé, átt við athygli- og einbeitingaskort og andfélagslega hegðun (Mckee-Ryan, Kinicki, Song og Wanberg, 2005; Halldór Sigurður Guðmundsson, 2008; Jón Sigurður Karlsson, 1992). Einnig minnkar sjálfstraust einstaklings og sjálfsvirðing fer minnkandi. Sá tími sem tekur við eftir atvinnumissi er ekki auðveldur, en það er atvinnuleitin. Það að leita að vinnu sem er í samræmi við menntun og fyrri störf getur verið átakamikil og haft slæm áhrif á líðan einstaklings, sérstaklega þegar illa gengur. Ítrekaðar hafnanir geta leitt til þess að einstaklingurinn missi móðinn (Jón Sigurður Karlsson, 1992).

Ungir atvinnuleitendur

Þeir sem hafa orðið hvað mest fyrir barðinu á atvinnuleysi, í þeim efnahagskreppum sem orðið hafa í gegnum tíðina, er ungt fólk á aldrinum 16-25 ára sem hefur litla menntun umfram grunnskólapróf (Rauði Kross Íslands (e.d), 2010). Samkvæmt þeim rannsóknum sem gerðar voru í kringum efnahagsþrengingarnar í Finnlandi eru einstaklingar enn þann dag í dag að eiga við afleiðingar efnahagskreppunnar og er enn hópur fólks ekki komnir á vinnumarkaðinn (Rauði Kross Íslands (e.d), 2010; Jonung, Kiander og Vartia, 2009). Er það mikið áhyggju-efni sérfræðinga að heil kynslóð ungs fólks festist í langtímaatvinnuleysi og týnist í fátækt líkt og gerðist í Finnlandi 1990 þegar kreppan skall á þar. Mikil hætta er á því að þegar ungt fólk missir vinnuna eða verður atvinnulaust að það festist þar og komist ekki aftur inn á vinnumarkaðinn (Rauði Kross Íslands (e.d), 2010; Jonung, Kiander og Vartia, 2009).

Atvinnuleysi hefur einnig slæm áhrif á ungmenni. Samkvæmt rannsókn sem gerð var árið 2008, af Félags- og tryggingamálaráðuneytinu á ungmennum á framhaldsskólaaldri, kom í ljós að þeir sem voru án atvinnu og ekki í skóla fundu frekar fyrir því að langa að gráta og voru auðsæranlegri. Þeir fundu einnig fyrir þunglyndiseinkennum eins og depurð, niðurdregni og það að vilja frekar vera ein heima en að vera meðal vina. Einnig upplifðu þau tímabil þar sem þau sáu ekkert bjart við framtíðina (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009-a). Einnig hefur verið rannsakað erlendis að ungt fólk sem byrjar starfsferilinn í atvinnuleysi getur átt í erfiðleikum með að þróa starfsferilinn. Ungir atvinnulausir einstaklingar eru viðkvæmari fyrir þeim afleiðingum sem langtímaatvinnuleysi hefur og því voru á Íslandi sett fram verkefni, líkt og *Ungt fólk til athafna*, til að sporna gegn þessu. (Hrafnhildur Tómasdóttir, 2010).

Ákveðinn hópur ungs fólks sem missti vinnuna í finnsku kreppunni árið 1990 eða var að stíga sín fyrst skref á vinnumarkaðnum er enn í dag einangrað frá vinnumarkaðnum þar í landi (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009). Með Finnland sem forvörn, hefur verið vel hugað að þeim aldurshóp hér á landi og lagt mikið upp úr því að hann sé virkur.. En enn eru allt of margir án atvinnu (Vinnumálastofnun (e.d-a)).

Atvinnuleitin

Þegar einstaklingur hefur atvinnuleit sækist hann eftir því starfi sem hæfir hans menntun, áhuga og fyrri störfum (Jón Sigurður Karlsson, 2010). Það að vera í atvinnuleit getur verið langt og strangt ferli sem getur tekið verulega á þann sem er atvinnulaus. Það má segja að atvinnuleitin sé einn tilfinninga „rússíbani“, ferð bjartsýnis og svartsýnis (Mathison og Finney, 2009). Við atvinnuauðglýsingu fyllist einstaklingur jákvæðni og bjartsýni sem getur

breyst í vonleysi og depurð með tímanum. Ef atvinnuleitandi fær starfsviðtal fyllist hann bjartsýni sem getur endað í svartsýni og vonleysi ef viðtalið leiðir ekki til starfs. Svona tilfinninga „rússíbani“ getur haft slæm áhrif á andlega líðan einstaklings (Jón Sigurður Karlson, 2010). Þegar illa gengur í atvinnuleit á einstaklingur það til að setja markmiðið lægra hvað varðar laun og eðli starfsins. Það getur haft slæm áhrif á atvinnuleitanda þegar hann tekur að sér starf sem hann skammast sín fyrir. Þá vantar alla ánægju og tilhlökkun að mæta til vinnu (Jón Sigurður Karlsson, 2010; Mathison og Finney, 2009).

Við atvinnuleit getur einstaklingur upplifað höfnun og er fátt sem hefur jafnmikil áhrif á tilfinningarlíf einstaklings. Getur hún oft haft djúpstæð áhrif á sjálfstraust einstaklings um ófyrirsjáanlegan tíma. Höfnun fylgir oft önnur tilfinning, skömm (Dam og Menting, 2011). En eins og fram kom í kenningu Karasek, hvað varðar innri þætti, að þá fer einstaklingur í gegnum sjálfskoðun og hugsar að eitthvað sé að honum og hann telur sig ekki vera eins eftirsóknarverðan og hinir (Janlert og Hammerström, 2009). En á þeim tímum sem við lifum núna, þar sem atvinnuleysið er mikið, eru meiri líkur á að atvinnuleitendur upplifi ekki eins mikla skömm eins og þegar minna er um atvinnuleysi (Rauði Kross Íslands (e.d), 2010).

Atvinnuleitin fer misvel í atvinnuleitendur. Sumir eru sterkari enn aðrir, hafa meiri trú á sér og sýna meiri ákafa við atvinnuleitina meðan aðrir eru neikvæðari og lokaðri á að fá atvinnu (Dam og Menting, 2011). Í rannsókn sem þeir Dam og Menting (2011) fjalla um eftir Zimmerman segir að það eru nokkrir hlutir sem þurfa að vera til staðar hjá virkum atvinnuleitendum. Það er metnaður, sjálfsvirkni og skynjun fyrir fjárhagslegri vanhæfni. Þeir sem hafa alla þessa eiginleika hér að framan og eru meðvitaðir um stöðu sína eru virkari við leitina. Einnig getur viðhorf til atvinnuleitar og atvinnuleysis haft áhrif á það hvernig fólk upplifir atvinnuleitina (Dam og Menting, 2011). Í atvinnuleitarfræðum er í auknum mæli litið á sjálfstjórnunarferlið. Hvernig einstaklingur stjórnar sjálfum sér í ákveðnum aðstæðum. Til eru einstaklingar sem eru ákveðni og æða áfram án þess að ofhugsa hlutina og þeir einstaklingar ná lengra. Svo eru það þeir einstaklingar sem eru mun varkárari og fara að öllu með gát (Dam og Menting, 2011).

Skert andleg heilsa getur dregið úr líkum að atvinnuleitandi fái vinnu þannig að mikilvægt er fyrir einstaklinginn að huga vel að heilsunni (Paul og Moser, 2008). Af reynslu annarra þjóða og mati sérfræðinga, sem gengið hafa í gegnum efnahagkreppu, hefur það sýnt sig að atvinnuleysi getur haft alvarleg og langvinn áhrif á heilsu fólks sem leiðir til minni starfsgetu og jafnvel örorku ef ekkert er gert í málunum (Velferðarráðuneytið (e.d), 2009).

Vinnumálastofnun

Vinnumálastofnun var stofnuð 1997 og heyrir undir velferðarráðherra (Vinnumálastofnun (e.d-c)). Starfar stofnunin samkvæmt lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum nr. 54/2006 um Atvinnuleysistryggingar. Tilgangur laganna er að veita atvinnulausum einstaklingum þá aðstoð sem þeir þurfa til að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Markmið stofnunarinnar er að stuðla að jafnvægi á vinnumarkaði milli eftirspurnar og framboðs á vinnuafli (Vinnumálastofnun (e.d-c)).

Þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar eru átta víðsvegar um landið, auk þriggja smærri útibúa, og þjóna þær allar sama tilgangi. Sú vinna sem fer fram hjá Vinnumálastofnun er meðal annars verkefni sem voru gerð hjá Atvinnuleysistryggingarsjóði, Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og Ábyrgðarsjóði launamanna. Helstu verkefni stofnunarinnar eru að vera til staðar fyrir atvinnuleitendur, aðstoða þá í að finna störf við hæfi og annast skipulagningu á þeim vinnumarkaðsúrræðum sem í boði eru fyrir atvinnuleitendur. Farið verður betur í það hér að neðan og eins starf ráðgjafa Vinnumálastofnunnar. Stofnunin er með skrá yfir öll laus störf sem í boði eru í landinu og sér um að miðla þeim starfsupplýsingum til atvinnuleitenda. Hún annast skráningu atvinnulausra, útreikninga og greiðslu atvinnuleysisbóta. Einnig sér stofnunin um að halda utan um og afla upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi, atvinnuhorfur og um útgáfu atvinnuleyfa og skráningu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Stofnunin sér einnig um að aðstoða atvinnurekendur með því að upplýsa þá um framboð á vinnuafli og aðstoða við ráðningar (Vinnumálastofnun (e.d-c)).

Velferðarráðherra skipar á fjöggra ára fresti í stjórn Vinnumálastofnunar og skal sú stjórn hafa eftirlit með rekstri og starfsemi. Einnig skipar hann sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð sem sjá um ráðgjöf á skipulagi og vali á vinnumarkaðsúrræðum. Þau úrræði sem eru í gangi núna verða tilgreind hér fyrir neðan (Vinnumálastofnun (e.d-c)).

Síðan fjármálakreppan skall á hefur starf Vinnumálastofnunar aukist til muna og orðið samfélaginu mikilvægara í að reyna halda niðri og bæta það ástand sem er í vinnumarkaðsmálum (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2011). Þegar ljóst var að ástandið á vinnumarkaðnum myndi aukast, og það á skömmum tíma, var farið yfir forgangsröðun starfs Vinnumálastofnunnar og var þar efst á lista afgreiðsla á umsóknum atvinnuleysisbóta. Þar sem atvinnuleysi jókst hratt á landinu, á nokkrum mánuðum, fór mest allt starf stofnunarinnar í að vinna úr umsóknum um atvinnuleysisbætur. Sökum þess höfðu ráðgjafar

hennar ekki tíma til að vinna að úrræðum fyrir atvinnuleitendur. Þetta vandamál var hvað mest á höfuðborgarsvæðinu. Annað forgangsverkefni stofnunarinnar var að huga að ungmennum á aldrinum 16-26 ára með úrræðum og átaksverkefnum. Fékk átaksverkefnið nafnið *Ungt fólk án atvinnu* og verður farið betur í það hér að neðan (Velferðarráðuneytið (e.d), 2009).

Atvinnuleysisbætur

Ekki geta allir fengið bætur. Einstaklingur verður að hafa áunnið sér tryggingarrétt og vera á aldrinum 16 – 70 ára. Einstaklingur þarf einnig að hafa unnið í að minnsta kosti 25% vinnu síðustu mánuði fyrir atvinnumissinn. En bæturnar reiknast eftir starfshlutfalli og starfsaldri á síðasta vinnustað, það er að segja ef einstaklingur hefur unnið minna en 12 mánuði telst hann tryggður hlutfallslega. Einnig þarf einstaklingur að uppfylla eftirfarandi skilyrði sem Vinnumálastofnun setur:

- *virkti atvinnuleit*
- *búsettur og staddur hér á landi*
- *hafa heimild til að ráða sig til vinnu hér á landi án takmarkana*
- *hefur verið launamaður á ávinnslutímabili*
- *leggur fram vottorð fyrrverandi vinnuveitanda og vottorð frá skóla þegar það á við*
- *hefur verið í atvinnuleit samfellt í þrjú virka daga frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur barst Vinnumálastofnun*

(Vinnumálastofnun (e.d-d))

Námsmenn hafa ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nema námið teljist til vinnumarkaðsúrræðis Vinnumálastofnunar. (Vinnumálastofnun (e.d-d))

Vegna grunnsemda um aukna misnotkun í atvinnuleysisbótakerfinu hefur verið sett upp svokölluð bótanefnd, á vegum Vinnumálastofnunar, sem sérhæfir sig í svikum á bótakerfinu. Þeir sjá um að keyra atvinnuleysissskrá við aðrar opinberar skrár. Heimilt er að svipta einstakling bótum ef hann gefur upp rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um laun sín, dvalarstað og annað sem gæti haft áhrif á greiðslu bóta (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2011). Einnig er heimilt að fella niður bætur ef einstaklingur hafnar starfi eða vinnumarkaðsúrræði.

Vinumarkaðsúrræði

Frá því um haustið 2008 hafa verið gerðar breytingar á lögum og reglugerðum um vinnumarkaðsaðgerðir. Það eru lög um vinnumarkaðsúrræði nr. 55/2006. Einnig voru gerðar nýjar reglugerðir um ýmis vinnumarkaðsúrræði. Töluvert hefur verið um rannsóknir á upplifun einstaklings af atvinnuleysi og hafa þær rannsóknir sýnt að afleiðingarnar eru neikvæðar fyrir einstaklinginn. Talið var nauðsynlegt að draga úr þeim íþyngjandi þáttum sem atvinnuleysi hafði í för með sér með því að bæta úrræði og auðvelda þannig einstaklingum að komast aftur inn á vinnumarkaðinn (Rauði Kross Íslands (e.d), 2010). Markmið þessara tímabundina úrræða er að tryggja virkni og reyna draga úr þeim afleiðingum sem atvinnuleysi hefur í för með sér fyrir einstaklinginn, bæði heilsufarslega og félagslega (Velferðarráðuneytið (e.d), 2009).

Þegar atvinnulaus einstaklingur nýtir sér eitt af þeim úrræðum sem Vinnumálastofnun hefur fram að bjóða þarf viðkomandi ekki að vera í virkri atvinnuleit samhliða úrræðinu. En honum er skylt að hafa reglulega samband við ráðgjafa Vinnumálastofnunar eða aðra þjónustuaðila. Til að geta nýtt sér úrræðin verður atvinnuleitandi að vera tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins (Reglugerð nr. 12/2009). Þau úrræði sem Vinnumálastofnun býður upp á eru mörg og fjölbreytt. Þau eru til dæmis starfsþjálfun og reynslusamningur, námssamningur, þróun eigin viðskiptahugmynda og frumkvöðlastarf, sérstök átaksverkefni, sjálfboðaliðastarf, námskeið og búferlastyrkir. Farið verður betur í hvert úrræði fyrir sig hér að neðan (Reglugerð nr. 12/2009).

Starfsþjálfun og reynsluráðning

Með starfsþjálfun og reynsluráðningu er nokkurn veginn átt við sama hlutinn, það er að þjálfra og kynna atvinnuleitendur í því starfi sem fram fer í því fyrirtæki eða stofnun. Slíkt eykur hæfni viðkomandi í starfi og gerir hann samkeppnishæfari. Atvinnuleitandinn velur sér það starfssvið sem hann hefur áhuga á að kynnast og starfa við í framtíðinni. Tilgangur reynsluráðningar er að fyrirtæki fái tækifæri til að ráða atvinnuleitanda til reynslu en með framtíðarráðningu í huga. Er þetta tækifæri bæði fyrir atvinnuleitandann sem og fyrirtækið eða stofnunina, þar sem fyrirtækið fær að kynnast einstaklingnum. Sett eru ákveðin skilyrði við gerð starfsþjálfunar- og reynsluráðningarsamnings. Samkvæmt 1.mgr. segir að við ráðningu sé verið að auka starfsfólki innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar og að þeir mega ekki fækka starfsfólki til að taka inn atvinnuleitanda. Einnig eru sett skilyrði um það að atvinnuleitandi hafi ekki unnið áður við starfið eða að það sé liðið meira en eitt ár síðan atvinnuleitandi var í sambærilegu starfi. Þegar um reynsluráðningu er að ræða skal

samningurinn vera að hámarki sex mánuðir. Óheimilt er að framlengja hann nema atvinnuleitandinn hafi skerta starfsorku og ráðgjafi Vinnumálastofnunnar telji nauðsynlegt að veita honum lengri tíma (Reglugerð nr. 12/2009 3.gr.).

Námssamningur

Heimilt er að gera sérstakan námssamning við atvinnuleitanda ef rágjafi Vinnumálastofnunnar telur ekki líklegt að viðkomandi verði boðið starf á næstunni. Með námssamningnum skuldbindur atvinnuleitandinn sig til að stunda starfstengt nám að fullu, það er nám sem viðkomandi hefur valið sér í samráði við ráðgjafa Vinnumálastofnunnar eftir að staða hans og færni hafa verið metin. Námið þarf að vera viðurkennt sem vinnumarkaðsúræði, nýtast atvinnuleitandanum beint við atvinnuleitina og má ekki vera lánshæft nám hjá Lánasjóði Íslenskra námsmanna. Á meðan á námssamningi stendur fær atvinnuleitandinn greiddar atvinnuleysisbætur. Gerðar eru kröfur um að atvinnuleitandi fullnægi þeim skilyrðum sem sett er í náminu um mætingu og reglulega ástundun. Námssamningur má standa yfir í hámark eina námsönn eða þrettán vikur (Reglugerð nr. 12/2009 5.gr.).

Atvinnutengd endurhæfing

Atvinnutengd endurhæfing felst í því að gerður er starfsendurhæfingarsamningur við atvinnuleitanda til allt að þrettán vikna en heimilt er að framlengja samninginn ef starfsendurhæfingin hefur borið viðunandi árangur að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunnar. Skilyrði fyrir atvinnutengdri endurhæfingu er að starfsendurhæfingaráætlunin komi til með að nýtast beint við atvinnuleitina og sé til þess gerð að skila honum árangri í að finna starf. Á meðan á starfsendurhæfingunni stendur fá einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur (Reglugerð nr. 12/2009 6.gr.).

Þróun eigin viðskiptahugmynda og frumkvöðlastarf

Þróun eigin viðskiptahugmynda og frumkvöðlastarf eru úrræði sem fela í sér að samningur er gerður á milli atvinnuleitanda og Vinnumálastofnunnar, eða fyrirtækis eða annarrar stofnanna. Úrræðið snýst um það að atvinnuleitandi vinnur að þróun eigin viðskiptahugmynda, nýsköpunarverkefni eða vöruþróunarverkefni í allt að sex mánuði og á sú hugmynd að veita atvinnuleitanda framtíðarstarf. Vinnumálastofnun sér um að fylgjast með framvindu viðskiptahugmyndanna og þarf atvinnuleitandi að senda frá sér viðskiptaáætlun og framvinduskýrslu eftir þrjá mánuði og annarri í lok verkefnisins. En Nýsköpunarsjóður Íslands verður að samþykkja frumkvöðlasamninginn. Því þarf fyrirtækið eða stofnunin einnig

að skila af sér viðskiptaáætlun og framvinduskýrslu til Nýsköpunarsjóð Íslands eftir þrjá mánuði og aftur í lokin. Meðan á þróun viðskiptahugmyndar stendur þiggur atvinnuleitandinn atvinnuleysisbætur en þegar um frumkvöðlastarf er að ræða greiðir Vinnumálastofnun fyrirtækinu eða stofnuninni grunnatvinnuleysisbætur atvinnuleitendans ásamt 8% mótframlagi lífeyrissjóð og fyrirtækið eða stofnunin sér svo um að greiða atvinnuleitandanum laun (Reglugerð nr. 12/2009).

Sérstök átaksverkefni og sjálfbóðaliðastarf

Heimilt er að gera samning við fyrirtæki, stofnun eða frjáls félagssamtök um að ráða atvinnuleitanda til tímabundinna átaksverkefna. Samningurinn skal standa í að hámarki sex mánuði og óheimilt er að framlengja samninginn til sama atvinnuleitenda. Fyrirtækið, stofnunin eða félagasamtökin skulu tilnefna einn sem tengilið og er hann í sambandi við ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Einnig getur atvinnuleitandi tekið þátt í hinum ýmsu sjálfbóðaliðastörfum og fær viðkomandi greiddar sínar atvinnuleysisbætur og skal hann einnig vera í virkri atvinnuleit meðan á sjálfbóðaliðastarfi stendur (Reglugerð nr. 12/2009).

Starfstengt nám og námskeið

Vinnumálastofnun býður atvinnuleitenda styrk sem nemur 50% af námskeiðsgjaldi en þó aldrei hærra en 70.000 á önn eða á hverjum þrettán vikum. Skilyrðin fyrir veitingu styrksins er að námið eða námskeiðið komi til með nýttast atvinnuleitandanum við atvinnuleit og skili honum árangri í að finna starf (Reglugerð nr. 12/2009).

Búferlastyrkir

Búferlastyrkur er styrkur sem atvinnuleitandi getur fengið frá Vinnumálastofnun vegna búferlaflutnings innanlands og nær styrkurinn yfir um 80% af flutning á fjölskyldu og búslóð atvinnuleitanda. En skilyrðin fyrir því að fá búferlastyrk eru þessi:

- Atvinnuleitanda hefur boðist starf í öðru sveitafélagi en hann hefur lögheimili í og hann geti ekki með auðveldum hætti sinnt starfinu frá lögheimili sínu
- Ráðning atvinnuleitanda verður að vera til langs tíma
- Erfitt fyrir atvinnuleitenda að fá starf í því sveitafélagi sem hann hefur lögheimili í
- Atvinnuleitandi hafi ekki áður fengið greiddan búferlastyrk
- Atvinnuleitandi hafi lagt út fyrir kostnaði flutninganna

(Reglugerð nr. 12/2009).

Mikil aukning hefur verið í notkun úrræðna. Árið 2005 voru 4300 einstaklingar skráðir án atvinnu og nýttu 1618 einstaklingar sér úrræðin. En árið 2010 voru 13.700 einstaklingar skráðir án atvinnu og nýttu 12771 einstaklingur sér úrræðin. Það segir okkur að í dag eru mun fleiri atvinnuleitendur sem nýta sér úrræðin og meira er lagt í það að atvinnuleitendur nýti sér þau (Vinnumálastofnun (e.d-e)).

Önnur úrræði

Ekki er Vinnumálastofnun einungis sú sem býður upp á úrræði fyrir atvinnulausa. Aðrar stofnanir eins og stéttafélög, fyrirtæki og ýmis félagasamtök bjóða upp á slík úrræði. Víða er verið að vinna gott starf með að byggja upp fjölbreytt úrræði fyrir atvinnulausa sem og við að halda utan um öll þau úrræði sem í boði eru (Velferðarráðuneytið (e.d), 2009)

Hitt húsið býður upp á úrræði sem ekki er á vegum Vinnumálastofnunar heldur Reykjavíkurborgar. Í boði eru úrræði fyrir ungt fólk á aldrinum 18 – 25 ára meðal annars Vítamín sem er átta vikna námskeið sem atvinnulaus ungmenni á aldrinum 18-25 ára geta sótt. Tilgangur námskeiðsins er að styrkja og virkja atvinnuleitendur og aðstoða þá við að finna út hvað þeir vilja gera í framtíðinni og hvernig hægt sé að framkvæma það. Á námskeiðinu fá ungmennin reynslu á vinnumarkaðnum í gegnum starfskynningar, sjálfboðaliðastörf eða með því að vinna með sínar eigin hugmyndir. Einnig bjóða þeir upp á aðstoð við atvinnuleit og hvernig þau eiga að bera sig að í leitinni (Hitt húsið).

Einnig er Reykjavíkurborg með úrræðið Frístundakortið. Markmiðið og tilgangurinn með því úrræði er að allir einstaklingar á aldrinum 6-18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag og félagslegum aðstæðum (Íþróttá- og tómstundasvið Reyjavíkur). Þetta úrræði geta einstaklingar á aldrinum 16 – 18 ára nýtt sér og einnig hugað að heilsunni meðan á atvinnuleysi stendur.

Ungt fólk til athafna

Vinnumálastofnun er einnig með tvö átaksverkefni í gangi til að létta líf atvinnulausra og aðstoða við atvinnuleitina. Annars vegar *Þekking og reynsla* sem er fyrir einstaklinga á aldrinum 29- 65 ára. Hins vegar er Vinnumálastofnun með átak sem hugar að ungu fólki á aldrinum 16-25 ára og ber heitið *Ungt fólk til athafnar* (Vinnumálastofnun-f (e.d)).

Eins og fram hefur komið fór Finnland mjög illa út úr efnahagskreppunni sem skall á þar í landi 1990 og talað hefur verið um að heil kynslóð hafi týnst í kreppunni, það er ungmenni á

aldrinum 16-25 ára. Sökum þess hvernig það fór þar í landi var Vinnumálastofnun falið það verkefni að tryggja að enginn einstaklingur undir 25 ára aldri yrði atvinnulaus lengur en í þrjá mánuði án þess að hafa fengið atvinnutilboð eða virkniúrræði. Starfshópur var myndaður til að skoða stöðu ungra atvinnuleitenda og hvað hægt væri að gera fyrir ungmennin hér á landi svo þau kæmu sem best út úr efnahagskreppunni. Markmið átaksins er að virkja unga atvinnuleitendur hér á landi með vinnu eða námi. Skapa 1200 ný námstækifæri með framhaldsskólanámi, símenntun, frumgreinadeildum og öðrum skólum. Auka starfsþjálfunarpláss og átaksverkefni í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir. Einnig auka sjálfbóðaliðastörf í samstarfi við Rauða krossinn, ÍSÍ og fleiri sjálfbóðaliðasamtök (Vinnumálastofnun-f (e.d)).

Einnig var átakið *Í námi til vinnu* hrint af stað haustið 2011 í framhaldi af *Ungt fólk til atvinnu*. Er það samstarfsverkefni Velferðarráðuneytisins og Menntamálaráðuneytisins og er markmið átaksins að koma öllum einstaklingum undir 25 ára inn í framhaldsskóla landsins, það er þá sem sækjast eftir því og uppfylla þau skilyrði sem þarf til að komast í framhaldsskóla eða háskóla. Með þessu átaki lækkaði atvinnulausum ungmönnum um 1000 manns (Velferðarráðuneytið (e.d), 2011).

Rannsóknir

Til að nálgast viðfangsefni rannsókna eru til tvær rannsóknaraðferðir. Annars vegar meginlegar rannsóknir og hinsvegar eigindlegar rannsóknir. Meginlegar rannsóknir eru ópersónulegar rannsóknir þar sem þátttakandi sýnir ekki tilfinningar, skoðanir né fordóma (The market donut, 2009). Eigindlegar rannsóknir eru þær rannsóknir sem eru mikið notaðar í félagsvísindum og með notkun þeirrar rannsóknaraðferðar er lagt er upp úr því að þátttakandinn sé virkur túlkandi veruleikans. Með eigindlegri rannsókn er auðveldara að vinna með tilfinningar og hegðun þátttakanda gagnvart því sem verið er að rannsaka (Myers, 2000). Hægt að vinna betur með líðan einstaklings og auðveldara að fá innsýn inn í það hvernig einstaklingur upplifir ákveðnar aðstæður og hvaða áhrif þau hafa á einstaklinginn (Strauss og Corbin, 1998). Til eru nokkrar aðferðir eigindlegra rannsókna eins og til dæmis rýnihópar og viðtöl. Niðurstöður eigindlegra rannsókna eru nákvæmari en niðurstöður meginlegra rannsókna. Þær eru lýsandi fyrir þann hóp eða einstaklinga sem rætt er við og dýpka skilning og gefa vísbendingar um gang mála (Capacent). Með eigindlegum rannsóknnum eru niðurstöður opnari en með meginlegum eru niðurstöður frekar staðlaðari eða á skala formi (Strauss og Corbin, 1998).

Með þessari rannsókn er leitast við að kanna hvernig það er að vera í þeim hóp sem hefur orðið hvað mest fyrir barðinu í kreppunni. Það er hvernig líðanin hjá 16-25 ára atvinnulausum einstaklingum er og hvort þeir einstaklingar séu að nýta sér úrræðin sem í boði eru á markaðnum.

Aðferð

Þátttakendur og framkvæmd

Við leit að ungmennunum var haft samband við Frímann Sigurðson hópstjóra Vítamín í Hinu húsinu. Ekki fékkst leyfi til að mæta á námskeiðið sem þeir bjóða upp á fyrir atvinnuleitendur til að taka viðtöl, þar sem sá hópur var nýlega búin að taka þátt í tveim könnunum og var það talið of mikið áreiti fyrir einstaklingana. En hann bauðst til að hafa samband við nokkra sem enn voru atvinnulausir eftir að hafa nýtt sér úrræðið í Hinu húsinu, en enginn svör fengust með það. Einnig var haft samband við Atvinnumiðstöð Kópavogsbæjar og enginn svör fengust og gerðar voru nokkrar tilraunir til að ná á Vinnumálastofnun en engin viðbrögð fengust þar heldur. Þá var leitað til vina og vandamanna og náðist að fá samþykki sex einstaklinga sem samband var haft við.

Þeir þrír einstaklingar sem samþykktu þátttöku upplifðu atvinnuleysi af ólíkum ástæðum og hagir þeirra voru misjafnir. Þannig hægt er að sjá muninn á því hvernig fólk upplifir atvinnuleysið. Hér að neðan verða þátttakendur kynntir. Persónuupplýsingum hefur verið breytt, s.s. nafni, til að vernda persónu viðmælenda.

- Hannes er 25 ára, býr í eigin íbúð ásamt unnustu. Hann byrjaði í framhaldskóla en kláraði aldrei. Hann starfaði í eitt ár í síðasta starfi en hefur verið atvinnulaus í eitt og hálf ár.
- Gunnar er 21 árs og býr í foreldrahúsum. Hann kláraði menntaskóla og var síðast í hlutastarfi, það er sumarafleysingum. Hann hefur verið atvinnulaus síðan í desember 2010.
- Jónína er 25 ára, gift með eitt barn. Síðustu fjögur ár hefur hún einungis stundað háskólanám erlendis en þar á undan var hún rekstrarstjóri á veitingastað. Hún hefur verið atvinnulaus síðustu fjóra mánuði.

Gagnasöfnunin fór fram með viðtölum á tímabilinu 20. til 29. október og fóru þau fram heima hjá rannsakenda. Einstaklingarnir voru spurðir nokkurra bakgrunnsspurninga sem og spurninga sem tengdust rannsókninni, það er að segja hvernig það er að vera atvinnulaus á tímum sem þessum, hvernig og hvort það hafi áhrif á líðan einstaklings og hvort einstaklingur sé virkur í atvinnuleit og sé að nýta sér þau úrræði sem í boði.

Mælitæki og öflun

Í þessari rannsókn verður stuðst við að svara rannsóknaspurningunni með notkun eigindlegra rannsókna. Haft var samband við sex einstaklinga en einungis þrír samþykktu þátttöku. Tekin voru viðtöl við þá þrjá einstaklinga og voru þau á aldrinum 16 – 25 ára. Notast verður við hálf stöðluð viðtöl þar sem hugmyndir af spurningum eru fyrirfram ákveðnar og munu leiða samtalið áfram með það að marki að viðmælandi tjáir sig opinskátt um rannsóknæfnið (Fjóla Jónsdóttir, 2010). Spurningarnar urðu til við lestur ýmissa greina um atvinnuleysi, líðan og áhrif efnahagskreppna á einstaklinga.

Niðurstöður

Um viðmælendur

Til að kynnast viðmælendum betur var fyrst spurt um bakgrunn þeirra sem og búsetu, fjölskylduhagi og menntun. Því næst var rætt um atvinnumissinn og fyrri störf. Tveir viðmælendanna áttu það sameiginlegt að hafa verið í skóla. Gunnar hafði einungis verið í hlutastarfi hjá sveitarfélagi þar sem hann útskrifaðist úr framhaldsskóla 2010 og var óviss með áframhaldandi nám. Hann hefur verið atvinnulaus síðan hann lauk stúdentsprófi í desember 2010. Gunnar býr í foreldrahúsum. Jónína er nýlega flutt til landsins aftur eftir að hafa verið í viðskipta- og markaðsfræðinámi erlendis. Hún er búin að vera atvinnulaus í fjóra mánuði. Hún býr í eigin húsnæði með maka og barni. Hannes byrjaði í framhaldsskóla en kláraði aldrei og hefur verið á vinnumarkaði í nokkur ár. Hann var síðast að vinna hjá stórfyrirtæki en var sagt upp þar. Skýringin fyrir uppsögninni var sú hann var ekki að þróast með starfinu þrátt fyrir að hafa nýlega verið búinn að fá hrós frá samstarfsfélögum fyrir velunnin störf og góða frammistöðu. Hann hefur verið án vinnu í eitt og hálf ár. Hannes býr ásamt unnustu í eigin húsnæði.

Afleiðingar

Samkvæmt þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á atvinnuleysi hefur það haft neikvæðar afleiðingar fyrir einstaklinginn á svo margan hátt. Viðmælendurnir voru þó ekki allir á þeirri skoðun að atvinnuleysið hafi haft neikvæð áhrif á líðan þeirra.

Hannes taldi atvinnuleysið ekki hafa „haft nein rosaleg áhrif“. Hann lýsir sér sem einstaklingi sem kippir sér lítið upp við hvað öðrum finnst og veltir sér lítið upp úr því hvað aðrir eru að hugsa. Hann segir þennan tíma ekki hafa verið honum neitt erfiður utan við ósætti við uppsögn þar sem hann telur uppsögnina ekki hafa átt rétt á sér miðað við þau hrós sem honum var gefið rétt fyrir uppsögnina. Hannes telur þennan tíma ekki hafa haft nein sérstakleg slæm áhrif fyrir utan það að samskipti við vini og fjölskyldu hafa minnkað en það sé vegna þess að sólahringurinn hjá honum er öfugur á við vinnandi mann. Hannes segist sofa á daginn og vaka á næturnar. Hann telur sig þó alltaf hafa verið frekar mikinn náttþrafn sem fær að njóta sín meðan hann er atvinnulaus. Þó reynir Hannes að hugsa vel um sig með því að fara í ræktina reglulega.

Atvinnuleysið hefur tekið mun meira á Jónínu andlega og telur hún þennan tíma hafa verið frekar niðurdrepandi og niðurlægjandi. Hún segir það „frekar fúlt að koma úr námi og vera atvinnulaus“. Atvinnuleitin tók þá mest á andlegu hliðarnar, sá „rússíbani sem því fylgir hefur haft slæm áhrif. Hún segir að mikill kvíði hefur myndast við að fara í viðtöl og fá sífellt neikvæð viðbrögð. Af þeim sökum efast hún meir og meir um sjálfa sig, menntun sína og hæfileika. Hún óttast að það geti haft langtíma afleiðingar, og sé eitthvað sem gæti tekið tíma að vinna upp aftur. Hún segir að þessu fylgi mikið vonleysi andlega og áhugi fyrir því að hreyfa sig hafi minnkað sökum þess. Jónína telur atvinnuleysið þó ekki hafa haft neinar líkamlegar afleiðingar, allavega ekki enn sem komið er. Þegar hún er spurð út í breytingar í hugsun segir hún að hún dragi sjálfa sig niður fyrir minnstu hluti og neikvæðar hugsanir séu sterkar.

Þegar Gunnar var spurður út í líðan sína var hann á sama máli og Jónína um að þetta tímabil hafi ekki haft góð áhrif. Það að vera atvinnulaus á Íslandi í skammdeginu hefur haft neikvæð áhrif. En hann taldi líkamlegt ástand sitt vera það sama og fyrir atvinnuleysið, fann engan mun á því. Áherslur hans á líkamsrækt hafa þó aukist á því tímabili sem hann hefur verið atvinnulaus, þar sem hann er meðvitaðri um heilsuna. Hann taldi hugsanir sínar hafa breyst að einhverju leiti og fannst hlutirnir ekki eins sjálfsagðir og áður. Einnig talaði Gunnar um

sólahringsbreytingar eins og Hannes, það að fara seint að sofa á kvöldin og vakna seint á daginn.

Ekkert af viðmælendum taldi sig hafa orðið fyrir félagslegri einangrun, ekki nema þá bara að erfiðara væri að hitta á vini og vandmenn þar sem sólahringurinn væri ekki í samræmi við þeirra sem væru í vinnu. Þau voru öll spurð að því hvort viðhorf almennings hefði eitthvað breyst og svöruðu þau öll þeirri spurningu játandi. Þau létu það þó fara mismikið fyrir brjóstið á sér. Hannes var frekar rólegur hvað það varðaði, leiddi lítið hugann að því hvað fólki fyndist meðan Gunnar reyndi eftir bestu getu að komast hjá því að fara út í vinnuumræður. Jónína fann mestu breytingar á því hvað fólk undraði sig mikið á því að hún fengi ekki vinnu í ljósi þess hvaða menntun hún hafði.

Stuðningur frá foreldrum/mökum

Þar sem tveir viðmælendanna, Jónína og Hannes, eru fluttir að heiman er minna um stuðning frá foreldrum en meiri frá maka, það er fjárhagslegur og sálrænn. En foreldrarnir standa við bakið á þeim og veita þá aðstoð sem þarf en hafa þau hvorugt leitað mikið til þeirra. En Gunnar sem enn býr í foreldrahúsum hefur fengið allan þann stuðning sem hann hefur þurft frá foreldrum sínum, jafnt sálrænan sem og fjárhagslegan.

Atvinnuleitin

Þar sem Jónína er ekki á atvinnuleysissskrá hefur hún ekki getað nýtt sér þá aðstoð sem Vinnumálastofnun hefur upp á að bjóða fyrir atvinnuleitendur. Hún hefur verið að leita að störfum með hliðsjón að menntun sinni en þar sem illa hefur gengið að fá vinnu hefur hún meira sótt um störf sem ekki eru menntunartengd. Síðast sótti hún um störf 20. október og er orðin nokkuð svartsýn á að fá vinnu sökum lítils framboðs og endalausra krafna um reynslu í störfum.

Hannes hefur verið að sækja um störf sem eru í samræmi við sitt fyrra starf, það er þjónustufulltrúastörf. Hann hefur ekki nýtt sér mikið þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina heldur verið að skoða auglýsingar sjálfur. Þar sem hann hefur verið að leita að vinnu síðasta eina og hálfu árið er hann frekar svartsýnn á að fá vinnu en vonar það besta. En þó blundar í honum sú hugsun að það sé jafnvel bara betra að vera á atvinnuleysisbótum heldur en að strita í átta klukkustundir á dag, fimm daga vikunnar, og fá sambærilegan laun á mánuði. En upp á síðkastið hefur hann verið að hugsa út í það að fara í skóla, klára stúdentsprófið og fara í viðskiptafræði eftir það.

Gunnar hefur verið að sækja um allskyns störf þar sem hæfniskröfur og reynsla er næstum engin. Hann hefur ekki nýtt sér Vinnumálastofnun við gerð umsóknar né við atvinnuleitina sjálfa en hefur nýtt sér þá á öðru sviði, þá hvað virknina varðar. Gunnar sótti síðast um starf í maí, en þrátt fyrir að hafa gengið illa er hann frekar jákvæður á að fá vinnu og heldur ótrauður áfram leitinni.

Vinnumálastofnun

Þar sem tæknin er orðin það mikil er aðgengi að Vinnumálastofnun auðveld og því auðvelt fyrir einstakling að skrá sig í gegnum veraldarvefinn. Þannig getur einstaklingur sem er atvinnulaus í skamman tíma farið í gegnum atvinnuleysið án þess að þurfa að vera í nokkru sambandi við Vinnumálastofnun.

Viðmælendurnir nýttu sér mismikið þjónustu Vinnumálastofnunar. Hannes hefur einungis nýtt sér veraldarvefinn við skráningu og endurskráningu. Hann hafði ekkert út á þjónustu Vinnumálastofnunar að setja og taldi þá standa sig vel í því starfi sem þeir gegndu. Hannes hafði einnig orð á því að þau námskeið og úrræði sem væru í boði væru mjög sniðug fyrir atvinnuleitendur þrátt fyrir að hafa ekki nýtt sér þau.

Gunnar aftur á móti hefur nýtt sér Vinnumálastofnun þegar kemur að úrræðum og við skráningu. Þegar hann var spurður að því hvað kæmi upp í kollinn á honum þegar hann færi niður á Vinnumálastofnun sagði hann:

„Að ég sé fyrir neðan meðalmanninn“.

Fyrir honum var það áminning á að hann væri ekki á þeim stað sem hann vildi vera og fannst það vera lágværa að stíga þar inn. En þrátt fyrir það fannst honum fínt að fara þangað þar sem andrúmsloftið væri hvetjandi. Það væri vel hlúið að honum og hann kæmi út frekar jákvæður með framhaldið. Að hans mati mætti samt laga ýmsa hluti hjá Vinnumálastofnun eins og til dæmis upplýsingar á veraldarvefnum. Honum fannst heimasíða þeirra ekki nægilega aðgengileg og upplýsandi. Ráðgjafar Vinnumálastofnunar væru mjög góðir og hjálpsamir. Þeir væru allir að vilja gerðir til að aðstoða atvinnuleitendur.

Reynsla Jónínu er frekar lítil af Vinnumálastofnun þar sem hún hefur ekki rétt á atvinnuleysisbótum og vonast hún til að þurfa ekki að hafa mikil samskipti við þau. En ekki vegna lélegrar þjónustu heldur vegna vona um að fá vinnu sem fyrst. Hennar viðhorf var frekar líkt Gunnars viðhorfi. Hún hafði orð á því að það væri frekar niðrandi að fara niður á Vinnumálastofnun, væri ákveðin áminning um að hafa ekki vinnu sem væri ekki svo jákvætt.

Andrúmsloftið væri að öllu jöfnu gott. Jónína var mjög ánægð með þjónustu þeirra almennt en kvartaði þó undan upplýsingaleysi, að flæðið væri ekki nægilega gott og sveigjanleiki ekki nægur.

Bótaréttur

Samkvæmt breytingu á reglugerð nr. 548/2006, um fjárhæð atvinnuleysistrygginga, hefur einstaklingur sem er í 100% starfi en missir það og fer á atvinnuleysisskrá, rétt á 220.729 krónum. En þeir sem hafa verið í hlutastarfi fá einungis þær prósentur sem þeir hafa unnið (Félags- og tryggingamálaráðuneytið-b (e.d), 2008).

Jónína hefur ekki skráð sig hjá Vinnumálastofnun þar sem hún hefur verið í námi erlendis og ekkert unnið síðustu fjögur ár. Þar af leiðandi hefur hún ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Eins og fram kom í kaflanum hér að ofan hafa námsmenn ekki rétt á bótum nema um vinnumarkaðsúrræði sé að ræða.

Hannes hefur verið í fullu starfi og hefur því rétt á fullum atvinnuleysisbótum. En Gunnar hefur einungis fengið það hlutfall sem hann vann við áður en hann skráði sig hjá Vinnumálastofnun.

Úrræðin

Í boði eru ýmis úrræði og námskeið fyrir atvinnuleitendur. Þar sem um fjölbreytt úrval er að ræða ætti einstaklingur að geta fundið eitthvað sem honum hentar. Viðmælendur voru sammála um hversu jákvæð þau úrræði sem í boði eru væru fyrir einstaklinga og að þau virkuðu hvetjandi á ungt fólk í atvinnuleit.

Haft var orð á því að aðgengi upplýsinga um úrræðin væri ekki nægilega gott. Heimasíða Vinnumálastofnunar veitti ekki nægilegar upplýsingar en gott aðgengi væri hjá ráðgjöfum stofnunarinnar. En til að fá þær upplýsingar sem þarf, verði atvinnuleitandi að leita til Vinnumálastofnunar í stað þess að geta kynnt sér þau heima fyrir.

Gunnar var sá eini sem hafði nýtt sér úrræðin nú þegar en búið var að skrá Hannes á námskeið sem ekki var hafið þegar viðtöl áttu sér stað. Var það ákvörðun Vinnumálastofnunar að hann færi þar sem þeir einstaklingar sem eru lengi atvinnulausir eru skyldugir til að sækja einhver úrræði til að halda atvinnuleysisbótum sínum.

Gunnar sótti tölvunámskeið á vegum Vinnumálastofnunar og fann þar út að það var eitthvað sem hann hafði áhuga á að læra meira og. Hann hefur sótt um tölvunarfræði í einum af háskólum landsins og mun Vinnumálastofnun greiða fyrir hann fyrstu önnina.

Umræða

Sambærileg rannsókn hefur verið gerð á aldurshópnum 16-19 ára á Akureyri (Erla Jóhannesdóttir og Sigrún Ásdís Sigurðardóttir, 2010). Rannsakanda langaði því að kanna hvernig staðan væri á ungmennum höfuðborgarsvæðisins með því að taka eigindleg viðtöl við nokkra einstaklinga en á víðara aldursbili. Ástæðan fyrir vali á eigindlegri rannsókn er sú að með viðtölum er hægt að rannsaka tilfinningar og líðan einstaklings og var það markmið rannsóknarinnar. En til að fá raunhæft gildi í rannsóknina og auka alhæfingargildið hefði þurft fleiri viðmælendur, en þar sem illa gekk að finna einstaklinga var tekið viðtal við þá þrjá sem samþykktu þátttöku. Eins og kom fram hér að ofan voru nokkrar leiðir prófaðar til að hafa upp á einstaklingum en enginn svör fengust hjá stofnunum. En með þessari rannsókn er hægt að fá nokkra innsýn á upplifun ungmenna á aldrinum 16 – 25 ára á atvinnuleysi sínu í efnahagslægd.

Úr rannsókninni er hægt að sjá að viðmælendur eru almennt ánægðir með starf Vinnumálastofnunar þrátt fyrir að upplifa sig fyrir neðan meðalmanninn þegar þeir gengu inn í húsnæði stofnunarinnar. Þrátt fyrir að þeim fyndist mega bæta upplýsingarnar á veraldarvefnum. Í dag styðst fólk mun meira við veraldarvefinn í stað þess að mæta á staðina, í þessu tilviki Vinnumálastofnun. En þegar bornar eru saman þessi rannsókn og rannsóknin sem gerð var á Akureyri (2010) bendir margt til þess að einstaklingum á atvinnuleysissskrá finnist töluvert vanta upp á upplýsingaflæði Vinnumálastofnunar. Einnig er hægt að sjá í rannsókninni að þau úrræði sem Vinnumálastofnun býður upp á séu að skila sér að einhverju leiti til atvinnuleitenda þar sem einn viðmælendanna sótti námskeið á vegum stofnunarinnar. Námskeiðið í því tilviki kveikti mikinn áhuga hjá viðmælenda og sótti hann um háskólanám í kjölfarið. Hann mun hefja nám sitt á næstu önn og mun Vinnumálastofnun greiða fyrir fyrstu önnina. Er þetta gott dæmi þess að atvinnuleysi þarf ekki að vera svo slæmt eftir allt sé einstaklingur virkur í að sækja það sem í boði er.

Þegar viðhorf til atvinnuleysis fyrr og nú er borið saman, kemur í ljós að jákvæð viðhorfsbreyting hefur orðið. Eftir því sem atvinnuleysi hefur almennt aukist hefur

viðhorfsbreyting til batnaðar átt sér stað. Þrátt fyrir að aldrei er jákvætt fyrir einstakling að vera án vinnu.

Af þeim þrem viðmælendum sem tekin voru viðtöl við var hægt að sjá að það að vera atvinnulaus hefur mismunandi áhrif og afleiðingar fyrir einstaklinga. En eins og fram kom í rannsókninni hefur viðhorf til atvinnunnar mikið að segja um hvernig einstaklingur upplifir atvinnuleysið. Hægt væri að skipta þessum þrem viðmælendum í tvo hópa, þar sem einn viðmælendanna hafði í raun ekkert út á það að setja að vera án atvinnu. Meðan hinir tveir tóku það meira inn á sig að vera að leita og vera án vinnu. En atvinnuleysi hefur í mörgum tilvikum slæmar afleiðingar fyrir einstaklinga. Einnig hefur staða einstaklings í samfélaginu, hjúskaparstaða og fjárhagsleg staða áhrif. Engir tveir einstaklingar eru eins og er munur á því hvernig hver og einn tekur á aðstæðum sem þeir lenda í. Hægt er að lýsa atvinnuleysi sem aðstöðu sem einstaklingur lendir í gegn vilja sínum. Hvati fólks til að komast aftur inn á vinnumarkaðinn er misjafn. Sumum reynist það létt á meðan aðrir hálf festast á atvinnuleysissskrá og hættir til að missa móðinn.

Það að vera einstaklingur í atvinnuleit á tímum sem þessum getur verið erfitt og átakamikið. Mörg þúsund manns eru í sömu sporum að leita að starfi. Því er mikilvægt að hugsa vel um sjálfan sig og eigin heilsu. Til að koma í veg fyrir allar þær slæmu afleiðingar sem atvinnuleysi getur haft á einstaklinga og til að festast ekki í þeim vítahring sem atvinnuleysi getur verið.

En ástandið sem ríkir í dag er frekar slæmt. Höfundur hefur seinustu mánuði upplifað hversu slæmt ástandið er á vinnumarkaði, þar sem útskrift er á næsta leiti og við tekur atvinnuleit. Þegar atvinnuauðgýsing kemur í blöðin eru allt að 100 manns sem sækja um það starf. Þannig getur gengið erfiðlega að komast inn á vinnumarkaðinn. Þessi mikla eftirspurn getur reynst mörgum erfið.

Til eru dæmi þess efnis að einstaklingar er festast í kerfinu líti svo á að það sé fínt að vera á bótum þar sem atvinna myndi ekki skila þeim nema nokkrum þúsundum krónum meira í laun. Sem bendir til þess að launakerfi hér á landi eru ekki nógu hvetjandi fyrir einstaklinga. En það eru þá þeir einstaklingar sem líta einungis á atvinnuna sem tekjuöflun. Þeir gera sér ekki grein fyrir mikilvægi atvinnunnar. Það að vera með atvinnu gefur aukið sjálfstraust og einstaklingur finnst hann vera maður með mönnum. Sökum vanlíðan yfir því að vera án atvinnu fer atvinnuleitandi að forðast ákveðin umræðuefni eins og vinnumál eða vinnumarkaðinn og er það stór partur af umræðunni í samfélaginu og gæti það leitt til

einangrunar frá almenningi. Líkt og kemur fram í kenningu Jahod þá hefur vinnan þennan dulda tilgang sem kemur fram í hegðun og líðan okkar. Það að hafa tilgang og skipulag. Hafa eitthvað fyrir stafni og stefna að markmiði. Allt er þetta mikilvægt fyrir einstaklinginn, eykur vellíðan og veitir honum sjálfstraust.

Við gerð rannsóknarinnar gekk erfiðlega að finna góðar erlendar heimildir um úrræði fyrir atvinnulausa. Ætlunin var að bera saman þau úrræði sem í boði eru hér á landi og í öðrum löndum. En þar sem ekki fundust heimildir um slíkt voru bara þau úrræði sem í boði eru hér á landi tekin fyrir. Af viðtölunum sem tekin voru má sjá að þau úrræði sem í boði eru fyrir atvinnulausa í dag eru að skila sér í einhverjum tilvikum til atvinnuleitenda. Með því að einstaklingur sækir ólík námskeið getur hann uppgötvað hvað það er sem honum hentar, það er að segja ef einstaklingur veit ekki hvar áhugasvið hans liggur.

Lokaorð

Á tímum efnahagskreppu hefur atvinnuleysi orðið eitt helsta vandamál hvers samfélags og er Ísland enginn undantekning. En þar sem miklar rannsóknir hafa verið gerðar um allan heim á atvinnuleysi og afleiðingum þess fyrir samfélagið, ættum við hér á Íslandi að geta nýtt okkur þær sem víti til varnaðar. Atvinnuleysi hefur verið rannsakað á Íslandi en ekki liggja fyrir eigindlegar rannsóknir líkt og þessi og gefur hún smá innsýn í líf ungs fólks án atvinnu. Mikil áhersla hefur verið lögð á að halda atvinnulausum virkum með úrræðum og öðru átökum. Þau úrræði sem í boði eru hafa hjálpað hópi fólks, veitir andlegan stuðning og það hefur eitthvað fyrir stafni. Það að hitta aðra sem eru í svipuðum sporum, fá félagsskap og takast á við verkefni, dregur tímabundið úr vanlíðan og vonleysi hjá einstaklingum. Hugtakið „þegar einar dyr lokast, opnast aðrar“ á vel við hjá ákveðnum hóp atvinnulausra meðan hinir brotna niður og sjá ekkert jákvætt við stöðuna. Frá því að kreppan skall á hefur fólk verið duglegra að koma með nýjar hugmyndir á markaðinn og nýtt hugmyndaflugið betur og stofnað sprotafyrirtæki (Össur Skarphéðinsson, 2009).

Ísland hefur staðið sig ágætlega við úrlausnar á því vandamáli sem hér ríkir, það er að segja tengt atvinnuleysi. En ennþá er stór hópur sem þarf að hugsa um og reyna koma fyrir á vinnumarkaði. En Ísland hefur nýtt sér Finnland sem víti til varnaðar þegar kemur að unga fólkinu. Því vel hefur verið hlúið að þeim hópi, þar sem um mikilvægan hóp er að ræða. Það er sá hópur sem mun taka við stjórn hér á landi, framtíðin. Átakið nám til vinnu skilaði sér vel

og er markmið ríkisstjórnar að árið 2020 eigi 90% Íslendinga, á aldrinum 16-60 ára, að vera með framhaldsskólamenntun ef ekki menntun á háskólastig.

En líkt og komið hefur fram í ritgerðinni er atvinnan mikilvæg fyrir einstaklinga. Ekki bara launanna vegna heldur fyrir einstaklinginn sjálfan. Atvinnan hefur félagslegt gildi og veitir einstaklingi betri sjálfsmynd, sjálfstraust eykst og hann öðlast virðingu. Það að vera án atvinnu dregur mjög úr þessum þáttum hjá einstaklingi. Hann fer niður á við og upplifir sig ekki sem hluta af samfélaginu, finnst hann vera einskis verður og getur átt erfitt með mannleg samskipti, þar sem atvinna og vinnumarkaðurinn virðist oft vera helsta umræðuefni meðal fólks.

Og ætla ég að enda ritgerðina á orðum Sókratesar

„það er ekki til verðugra umræðuefni en það, hvað einstaklingur skuli verða, við hvaða starf hann skuli verja lífi sínu, og af hve miklu kappi, bæði á sínum yngri árum og efri“ (Sölvína Konráðsdóttir, 2004).

Heimildaskrá

Acs, G., & Zimmerman, S. (2009, desember). Work and Income Security from 1970 to 2005. *Low-Income Working Families*.

Arney Einarasdóttir. (2010). *Sanngjarnar uppsagnir - eru þær til?* . Sótt 9. maí 2011 af <http://www.ru.is/haskolinn/frettir/hr-ingar/nr/24656>

Capacent . (án dags.). *Eigindlegar rannsóknir* . Sótt 28. október 2011 af <http://www.capacent.is/thjonusta/rannsoknir/adferdir-og-spurningavagnar/adferdir/eigindlegar-rannsoknir/>

Chouhry, M. T., Marelli, E., og Signorelli, M. (2010). *The impact of financial crises on youth unemployment rate*.

Christian, A. (2008). *Civilization and its discontents*. London: GradeSaver LLC

Dam, K. V. og Menting, L. (9. febrúar 2011). *The role of approach and avoidance motives for unemployed job search behavior*. Sótt 25. október 2011 af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0001879111000960>

Erla Jóhannesdóttir og Sigrún Ásdís Sigurðardóttir. (24. júní 2010). *Áhrif atvinnuleysis á líðan ungs fólks á aldrinum 18-22 ára*. Sótt 5. september 2011 frá <http://hdl.handle.net/1946/5852>

Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (desember 2009). *Greinargerð um grunnþjónustu og aðferðir við hagræðingu í efnahagsþrengingum*. Sótt 4. október 2011 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/utgafa2010/GreinargerðUmGrunnþjonustuVelferdarvakt100109.pdf>

Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (mars 2009-a). *Velferðarvaktin*. Sótt 25. september 2011 af Áfangaskýrsla stýrihóps: <http://50.felagsmalaraduneyti.is/media/velferdarvakt09/FyrstaAfangaskyrslaStyrihops.pdf>

Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2011). *Ungt fólk án atvinnu - virkni þess og menntun*.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið-b (e.d). (19. mars 2008). *Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 548/2006, um fjárhæð atvinnuleysistrygginga*. Sótt 29. október 2011 af http://www.vinumalastofnun.is/files/B_nr_294_2008%5b1%5d_1802944604.pdf

Fjóla Jónsdóttir. (apríl 2010). *Það eru margir sem hafa það miklu verr en við. Upplifun karlmanna af langtímaatvinnuleysi*. Sótt 29. Október 2011 af <http://hdl.handle.net/1946/4675>

Hagstofa Íslands (e.d). (án dags.). *Talnaefni - Laun, tekjur og vinnumarkaður*. Sótt 5. nóvember 2011 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2594&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN01001%26ti=Atvinnu%FE%E1tttaka%2C+atvinnuleysi%2C+vinnut%EDmi+og+fj%F6ldi+>

starfandi+eftir+%E1rsfj%F3r%F0ungum+2003%2D2011++++%26path=../Database/
vinnumarkadur/rannsoknir/%26lang=3%26uni

Hagstofa Íslands. (11. júlí 2011). *Hagtíðindi* Sótt 15. október 2011 af
<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=12570>

Hagstofa Íslands. (19. október 2011-a). *Hagtíðindi* Sótt 5. nóvember 2011 af
<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13068>

Hagstofa Íslands. (15. febrúar 2011-b). *Fæddir eftir mánuðum 1853-2010*. Sótt 9. desember
2011 af
<http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN05302%26ti=F%E6ddir+eftir+m%E1nu%F0um+1853%2D2010+++++++%26path=../Database/mannfjoldi/Faaddir/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Halldór Sigurður Guðmundsson. (2008). Aftur til vinnu, þróun úrræða fyrir langtíma-
atvinnulausa. Í Gunna þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir, *Rannsóknir í
félagsvísindum IX* (bls. 371 - 380). Ísland: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Hitt húsið. (án dags.). *Atvinnumál*. Sótt 20. september 2011 af
<http://hitthusid.is/category.aspx?catID=145>

Hlynur Ómar Björnsson. (9. júní 2011). *Heimili landsins glíma enn við afleiðingar hrunsins*.
Sótt 5. nóvember 2011 af Landsbankinn:
<http://umraedan.landsbankinn.is/fjarhagur/2011/06/09/Heimili-landsins-glima-enn-vid-afleidingar-hrunsins/>

Hólmfríður Gunnarsdóttir. (1994). Andleg líðan og aðbúnaður á vinnustað. Í *Berið hvers
annars byrgðar* (bls. 19 - 24). Akureyri: Þjóðmálanefnd Þjóðkirkjunnar.

Hrafnhildur Tómasdóttir. (11. febrúar 2010). Sótt 25. október 2011 af
<http://www.visir.is/ungt-folk-til-athafna/article/2010954976357>

Ingrid Kuhlman og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (án dags.). *Vinnustadurinn eftir uppsögn*.
Sótt 25. september 2011 af Atvinnumál Kvenna:
<http://www.atvinnumalkvenna.is/fraedsla/pistlar-fra-thekkingarmidlun/vinnustadurinn-ef-tir-uppsagnir/>

Íþrótt- og tómstundasvið Reyjavíkur. (án dags.). *Frístundakort*. Sótt 29. október 2011 af
http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3697/6079_view-1524/

Janlert, U. og Hammerström, A . (2009. júlí 2009). *Which theory is best? Explanatory models
of the relationship between unemployment and health*. Sótt 25. september 2011 af
BMC Public Health: <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC2720386/>

Jón Sigurður Karlsson. (október 1992). Sótt 25. september 2011 af
<http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=185&pid=27>

- Jón Sigurður Karlsson. (27. janúar 2010). *Baráttan um brauðið*. Sótt 30. september 2011 af Vefrit Sálfræðingafélags Íslands: <http://vefritsi.wordpress.com/2010/01/27/barattan-um-brau%C3%B0i%C3%B0/>
- Jonung, L., Kiander, J., & Vartia, P. (2009). *The great financial crisis in Finland and Sweden: the Nordic experience of Financial Liberalization*. Bretland: Edward Elgar Publishing Limited.
- Katrín Ólafsdóttir. (Mars 2010). Atvinnuleysi kvenna gæti aukist á næstu árum. *Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi - vaxtarsprotar endurreisnar*, bls 25-27.
- Kolbeinn H. Stefánsson. (2009). Sjálfsábyrgð eða samstaða? *Rannsóknir í félagsvísindum X*, bls. 931 - 950.
- Kotler, P. (2009). *Marketing management*. London: Pearson Education.
- Mankiw, G og Taylor, M. P. (2006). *Economics*. London: Thomson.
- Mathison, D., & Finney, M. I. (2009). *Unlock the hidden job market: 6 steps to a successful job search when times are tough*. New Jersey: Pearson Education, Inc.
- Matthías Halldórsson. (án dags.). *Heilbrigðiskerfið á tímum kreppu og atvinnuleysis*. Sótt 30. september 2011 af <http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1400/PDF/r02.pdf>
- Mckee-Ryan, F. M., Song, Z., Wanberg, C. R., & Kinicki, A. J. (2005). Psychological and Physical Well-Being During Unemployment: A Meta-Analytic Study. *Journal Of Applied Psychology*, 90(1), bls. 53-76.
- Morgunblaðið. (26. október 2011). *Fimm flytja úr landi á dag*. Sótt 5. nóvember 2011 af http://mbl.is/frettir/innlent/2011/10/26/fimm_flytja_ur_landi_a_dag/
- Myers, M. (2000, Mars). Qualitative Research and the Generalizability Question: Standing Firm with Proteus. *The Qualitative Report, Volume 4*.
- OECD. (2011). *Employment labour markets: key tables from oecd*. Sótt desember 14, 2011 af http://www.oecd-ilibrary.org/employment/unemployment-rate_20752342-table1
- Ómar Harðarson og Ólöf Jóna Tryggvadóttir. (2002). *Nýtt skipulag vinnumarkaðsrannsókna*. Ísland: Hagstofa Íslands.
- Parkin, M. (2011). *Macroeconomics*. London: Prentice Hall.
- Paul, K. I. og Moser, K. (2008). Unemployment impair mental health: Meta - analyses. *Journal of Vocational Behavior* 74(3), bls.264 - 282.
- Paul, K. I. og Moser, K. (Desember 2006). *Incongruence as an explanation for the negative mental health effects of unemployment: Meta-analytic evidence*. Sótt 29. september 2011 af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=7bad8df0-88ea-4ae5-83a1-3814799666af%40sessionmgr113&vid=6&hid=112>

Rauði Kross Íslands (e.d). (2010). *Hvar þrengir að?* Sótt 10. september 2011 af http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/swdocument/1041141/hvar_threngir_ad_skyrsla.pdf?wosid=false

Reglugerð um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysisstryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrkinr. 12/2009

Sölvína Konráðsdóttir. (2004). *Viðhorf til vinnu.* Sótt 30. september 2011 af <http://www.persona.is/index.php?template=print&action=articles&method=display&id=105&pid=23>

Strauss, A. L. og Corbin, J. M. (1998). *Basics of qualitative research: Techniques and procedures for developing grounded theory.* London: SAGE publications.

The marketing donut. (2009). *What is quantitative research?* Sótt 9. desember 2011 af <http://www.marketingdonut.co.uk/marketing/market-research/what-is-quantitative-research->

Turner, J. (1995). Economic context and the health effects of unemployment. Í *Journal of Health and Social Behavior* 36(3) (bls. 213 - 229).

Unemployment. (2011). In *Encyclopædia Britannica.* Sótt af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/614368/unemployment>

US economy . (3. janúar 2010). Sótt 7. desember 2011 af *How Is Unemployment Defined?:* http://useconomy.about.com/od/supply/f/unemploy_define.htm

Velferðarráðuneytið (e.d). (2009). *Fólk án atvinnu.* Sótt 25. október 2011-a af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/AtvinnulausFyrstaskyrsla.pdf>

Velferðarráðuneytið (e.d). (31. mars 2011). *Nám til vinnu.* Sótt 30. september 2011 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/frettir2011/19042011_Tillogur_samradshops.pdf

Velferðarráðuneytið (e.d). (án dags.). *Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).* Sótt 20. október 2011 af <http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/vinnumal/samthykkir-ilo/>

Vinnumálastofnun (e.d). (14. janúar 2009-b). *Staða á vinnumarkaði desember 2009.* Sótt 10. september 2011 af http://www.vinnumalastofnun.is/files/des09_126266278.pdf

Vinnumálastofnun (e.d). (2011-b). *Hópuppsagnir.* Sótt 5. nóvember 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/vinnumalastofnun/utgefid-efni-og-talnaefni/skyrslur-og-talnaefni/hopuppsagnir/>

Vinnumálastofnun. (11. nóvember 2009-a). *Staða á vinnumarkaði október2009.* Sótt 30. september 2011 af http://www.vinnumalastofnun.is/files/okt09_1462218804.pdf

- Vinnumálastofnun. (11. nóvember 2011-c). *Staða á vinnumarkaði október 2011*. Sótt 13. desember 2011 <http://www.vinnumalastofnun.is/files/okt.%2011.pdf>
- Vinnumálastofnun. (13. ágúst 2011-a). *Fréttir Vinnumálastofnunar*. Sótt 2. nóvember 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/vinnumalastofnun/frettir/nr/1525/>
- Vinnumálastofnun. (án dags.). *Data Market* . Sótt 8. desember 2011 af <http://datamarket.com/data/set/26/atvinnulausir-eftir-starfsstettum-busetu-og-aldri#display=line&ds=26|1r8=1|ln.1al6:1r9=1ali:1ra>
- Vinnumálastofnun (e.d-a). (án dags.). *Atvinnuleysistölur í excelskjöllum*. Sótt 9. nóvember 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/vinnumalastofnun/utgefing-efni-og-talnaefni/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum/>
- Vinnumálastofnun (e.d-c). (án dags.). *Um Vinnumálastofnun*. Sótt 20. október 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/vinnumalastofnun/um-vinnumalastofnun/>
- Vinnumálastofnun (e.d-d). (án dags.). *Réttur til atvinnuleysisbóta*. Sótt 15. september 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleysisbaetur/rettur-til-atvinnuleysisbota/>
- Vinnumálastofnun (e.d-e). (án dags.). *Úrræði*. Sótt 20. október 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/vinnumalastofnun/utgefing-efni-og-talnaefni/skyrslur-og-talnaefni/urraedi/>
- Vinnumálastofnun (e.d-f). (án dags.). *Ungt fólk til athafnar*. Sótt 30. september 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi/urraedi/ataksverkefni/ungt-folk-til-athafna/>
- Vísir. (1. desember 2008). *Álag á Vinnumálastofnun* . Sótt 7. desember 2011 af <http://www.visir.is/alag-hja-vinnumalastofnun/article/2008620100043>
- Vísir. (15. mars 2011). *Aldrei fleiri verið atvinnulausir í meira en eitt ár*. Sótt 10. september 2011 af Vísir: <http://www.visir.is/aldrei-fleiri-verid-atvinnulausir-i-meira-en-eitt-ar/article/2011110319410>
- Össur Skarphéðinsson. (11. janúar 2009). *Sköpunarkraftur gegn kreppu*. Sótt 8. maí 2011 af <http://www.visir.is/article/20090111/SKODANIR03/927510654/-1>.

Viðauki

Bréf til viðmælenda

Kæri viðmælandi, ég er þriðja árs nemi í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík og er að vinna BS verkefni. Ég er að skrifa um þau áhrif sem atvinnuleysi hefur á einstaklinga á aldrinum 16-25 ára. Hver þeirra upplifun hefur verið, áhrif atvinnuleysis á líðan þeirra og hvert viðhorf þeirra er til úrræðanna sem eru í boði eru fyrir atvinnuleitendur.

Tilgangurinn með þessari rannsókn er að skyggast inn í líf atvinnuleitenda á aldrinum 16-25 ára, kanna hvort einhverjar breytingar hafa orðið á andlegri og líkamlegri líðan þeirra. Einnig kanna hvort einstaklingar séu að nýta sér þau úrræði sem í boði eru.

Ég leita því eftir samþykki þínu að taka þátt í þessari rannsókn en vek athygli á því að þér er ekki skylt að svara öllum þeim spurningum sem fyrir þig eru lagðar og jafnframt getur þú hætt þátttöku hvenær sem þú vilt.

Viðtal þetta er hljóðritað til að auðvelda úrvinnslu gagna og skrif, gengið verður frá gögnum og skrifum með þeim hætti að ekki verður unnt að auðkenna þig af svörum þínum og ekki verður hægt að rekja svör til þíns nafns eða persónu.

Öllum gögnum verður eytt 31. desember 2011.

Ég undirrituð/aður gef hér samþykki mitt að taka þátt í þessari rannsókn eftir að hafa lesið ofan greindan texta.

Undirskrift

Spurningalisti – eigindleg samtöl

Rannsóknarspurning: Áhrif atvinnuleysi á 16-25 ára einstaklinga, líðan og viðhorf þeirra til starf vinnumálastofnunar og þeirra úrræða sem stofnunin býður upp á.

1. Bakgrunnsspurningar

Hvert er kyn þitt ?

Hver er aldur þinn?

Hver er búseta þín?

- Ef í foreldrahúsi, færðu þá stuðning frá þeim?
 - sálrænan?
 - fjárhagslegan?

Hverjir eru þínir fjölskylduhagir?

Hefurðu stundað nám eftir grunnskóla?

- Hef ekki farið í frekara nám eftir grunnskóla
- Iðnnám
- Fjölbraut/menntaskóli
- Háskólanám

2. Starfssaga og atvinnumissir

Hvaða starfi gegndir þú síðast ?

Hvað ertu búin að vera atvinnulaus lengi?

Ástæða atvinnumissis?

Ef uppsögn, hvað olli uppsögn?

Hvernig fannst þér fyrirtækið standa að uppsögninni?

- Hvernig fannst þér það hlúa að þér?
- Sýndi það stuðning, aðstoðaði það við framhaldið?
- Hvernig hefði fyrri atvinnurekandi sýnt meiri stuðning í verki?

Hvenær sóttirðu seinasta um starf?

Hvers konar störf ertu að sækja um?

- Hvernig fór umsóknafærlíð fram, nýttirðu þér þjónustu Vinnumálastofnunar við gerð umsóknar?

Hversu von góð/góður ertu á að fá vinnu?

3. Viðhorf þitt til starfs Vinnumálastofnunar ?

- Hvernig finnst þér þjónustan?
- Hvaða tilfinningar koma upp í kollinum á þér þegar þú ferð niður á Vinnumálastofnun?
- Hvernig er andrúmsloftið þar inni?

Hvað finnst þér að mætti betur um bæta í starfi vinnumálastofnunar?

Hefur þú kynnt þér þau úrræði sem Vinnumálastofnun býður upp á fyrir atvinnuleitendur?

- Hvernig finnst þér aðgengið að þeim upplýsingum ?

Hversu mikið hefur nýtt þér þjónustu vinnumálastofnunar? Spyrja út í notkun?

- Hefurðu hugsað þér að nýta þér þau?

Hvert er Viðhorf þitt til þeirra úrræða og átaksverkefna sem Vinnumálastofnun býður uppá?

Hvað finnst þér betur mætti fara tengt úrræðunum?

Telur þú þig vera virkan atvinnuleitanda?

4. Persónubundnar spurningar:

Myndirðu segja að atvinnuleysið hafi haft áhrif á andlega vanlíðan þína, og þá hvernig?

Myndirðu segja að atvinnuleysið hafi haft áhrif á líkamlega vanlíðan þína, þá hvernig?

Finnurðu fyrir miklu andlegum og líkamlegum mun eftir atvinnumissinn?

Hefurðu orðið var við breytingu á hugsun eftir atvinnumissinn?

Stundarðu líkamsrækt?

Hafa neysluvenjur breyst?

Hugsarðu vel um sjálfan þig?

Finnst þér þú fá öðruvísi viðmót frá fólki almennt eftir atvinnumissinn?

Hvernig er dagur í lífi atvinnulaus einstaklings, hvernig er rútínan?

Finnurðu mun á sambandi þínu við vinu og vandamenn?

Hefurðu orðið fyrir félagslegri einangrun eftir atvinnumissinn?

5. Annað sem þú vilt láta koma fram að lokum?

Þakka kærlega fyrir þátttökuna.

